



AÐALSKIPULAG ÁSAHREPPS 2020-2032

Greinargerð

02.03.2022

Breytt 13.12.2022



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

7463-004-ASK-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir, Gísli Gíslason

YFIRLESTUR

Sigrún Soffía Sævarsdóttir

Samþykkt

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps þann 18. 5. 2022



Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann 14. des. 2022



SKIPULAGSFERLI

Skipulagslýsing var kynnt frá 16.4.20 með athugasemdafresti til 14.5.20

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá 2.6.21 til 25.6.21

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá 9.3.22 með athugasemdafresti til 21.4.22

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda _____

EFNISYFIRLIT

TÖFLUR	6
1. INNGANGUR	8
1.1 Stefna aðalskipulags	8
1.2 Skipulagsgögn	8
1.3 Mörk	9
1.3.1 Landamerki	9
1.3.2 Sveitarfélagsmörk og mörk miðhálandisins	9
2. STEFNA Í BYGGÐ	10
2.1 Umhverfi og yfirbragð	10
2.2 Byggð	11
2.2.1 Íbúðarbyggð (ÍB)	11
2.2.2 Frístundabyggð (F)	11
2.3 Atvinna	12
2.3.1 Landbúnaðarsvæði (L)	12
2.3.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	14
2.3.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	15
2.3.4 Verslun og þjónusta (VÞ)	15
2.3.5 Samfélagsþjónusta (S)	16
2.3.6 Kirkjugarðar og grafreitir (K)	17
2.3.7 Iðnaðarsvæði (I)	17
2.3.8 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	18
2.3.9 Stakar framkvæmdir	19
2.4 Opin svæði eða svæði með takmörkunum	19
2.4.1 Opin svæði (OP)	19
2.4.2 Varúðarsvæði (VA)	19
2.5 Samgöngur	20
2.5.1 Samgöngur í byggð	20
2.5.2 Aðrir vegir	22
2.5.3 Gönguleiðir	22
2.5.4 Reiðleiðir	22
2.5.5 Reiðhjólaleiðir	22
2.6 Veitur	23
2.6.1 Rafveita	23
2.6.2 Vatnsveita	24
2.6.3 Hitaveita	24
2.6.4 Fráveita	24
2.6.5 Fjarskipti	24

2.7	Verndarsvæði og minjar	25
2.7.1	Önnur náttúruvernd (ÖN)	25
2.7.2	Minjavernd (MV)	25
2.7.3	Hverfisvernd (HV)	27
2.7.4	Vatnsvernd (VB)	28
2.7.5	Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)	29
2.8	Náttúruvá (NV)	29
3.	STEFNA Á AFRÉTTI	30
3.1	Umhverfi og yfirbragð	30
3.2	Atvinna	31
3.2.1	Skógræktar og landgræðslusvæði (SL)	31
3.2.2	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	32
3.2.3	Iðnaðarsvæði (I)	34
3.2.4	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	36
3.3	Óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum	38
3.3.1	Óbyggð svæði (ÓB)	38
3.3.2	Varúðarsvæði (VA)	39
3.3.3	Ár og vötn (V)	40
3.4	Samgöngur á afrétti	40
3.4.1	Stofnvegir á hálendi	41
3.4.2	Landsvegir	41
3.4.3	Aðrir helstu vegir	42
3.4.4	Vegir í náttúru Íslands	42
3.4.5	Gönguleiðir	42
3.4.6	Reiðleiðir	43
3.4.7	Flugbrautir	43
3.5	Veitur	43
3.5.1	Rafveita	43
3.5.2	Vatnsveita	44
3.5.3	Fráveita	44
3.5.4	Fjarskipti	44
3.6	Verndarsvæði og minjar	45
3.6.1	Friðlýst svæði (FS)	45
3.6.2	Önnur náttúruvernd (ÖN)	46
3.6.3	Minjavernd (MV)	47
3.6.4	Hverfisvernd (HV)	48
3.6.5	Vatnsvernd (VB, VG, VF)	49
4.	NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATSSKÝRSLU	51
4.1	Landbúnaðarsvæði	51
4.2	Iðnaðarsvæði í Lækjartúni	51

4.3	Sprengisandsleið	51
4.4	Sprengisandslína	52
4.5	Efnistökusvæði	52
4.6	Stækkun núverandi virkjana	52
4.7	Loftslagsmál og binding kolefnis	52
4.8	Afþreyingar og ferðamannasvæði	53
5.	SKIPULAGSFERLI	55
5.1	Skipulagslýsing	55
5.2	Samráð og kynning	56
5.3	Kynning aðalskipulagstillögu	57
5.4	Auglýsing aðalskipulagstillögu	57
5.4.1	Breytingar sem gerðar eru að lokinni auglýsingu	58
6.	HEIMILDIR	59
7.	VIÐAUKI – SKÝRINGARUPPDRAETTIR	61

MYNDIR

MYND 1.	Áætluð skiptisvæði á þriggja akreina Suðurlandsvegi.	21
MYND 2.	Helgunarsvæði háspennulína	23
MYND 3.	Möguleg staðsetning vindlunda	34

TÖFLUR

TAFLA 1.	Frístundabyggð.	11
TAFLA 2.	Nýting landbúnaðarlands og skilmálar.	13
TAFLA 3.	Skógræktarsvæði.	15
TAFLA 4.	Verslunar- og þjónustusvæði.	16
TAFLA 5.	Svæði fyrir samfélagsþjónustu.	16
TAFLA 6.	Kirkjugarður.	17
TAFLA 7.	Iðnaðarsvæði.	17
TAFLA 8.	Efnistökusvæði í byggð.	18
TAFLA 9.	Opin svæði í byggð.	19
TAFLA 10.	Virkjanakostur í byggð sem er í biðflokki	20
TAFLA 11.	Stofnvegir í byggð.	21
TAFLA 12.	Tengivegir í byggð.	21
TAFLA 13.	Stofnkerfi/flutningskerfi rafmagns í byggð.	23

TAFLA 14. Friðlýstar fornminjar	26
TAFLA 15. Athyglisverðir minjastaðir	26
TAFLA 16. Mannvirki sem voru byggð 1925 eða fyrr.	27
TAFLA 17. Hverfisverndarsvæði í byggð.	28
TAFLA 18. Skógræktarsvæði á afrétti.	31
TAFLA 19. Afþreyingar- og ferðamannasvæði á afrétti.	32
TAFLA 20. Iðnaðarsvæði á afrétti.	35
TAFLA 21. Efnistökusvæði á afrétti.	36
TAFLA 22. Óbyggð svæði.	39
TAFLA 23. Virkjanakostir á afréttinum sem eru í biðflokki skv. öðrum áfanga rammaáætlunar.	39
TAFLA 24. Stofnvegir á hálendi.	41
TAFLA 25. Landsvegir á hálendi.	41
TAFLA 26. Aðrir helstu vegir á afrétti.	42
TAFLA 27. Flugbrautir á afréttinum.	43
TAFLA 28. Stofnkerfi/flutningskerfi rafmagns á afrétti.	44
TAFLA 29. Friðlýst svæði.	45
TAFLA 30. Virkjanakostir í verndarflokki í öðrum áfanga rammaáætlunar.	46
TAFLA 31. Friðlýstar fornminjar á afrétti	47
TAFLA 32. Athyglisverðir minjastaðir á afrétti	47
TAFLA 33. Hverfisverndarsvæði á afrétti.	48
TAFLA 34. Vatnsból á afrétti.	49
TAFLA 35. Grannsvæði vatnsbóla.	49
TAFLA 36. Fjarsvæði vatnsbóla.	50
TAFLA 37. Viðmið fyrir loftslagsmál og stefna í aðalskipulaginu.	53



1. INNGANGUR

Ásahreppur er vestasta sveitarfélagið í Rangárvallasýslu. Stærð skipulagssvæðis í byggð er 138 km² og skipulagssvæði á Holtamannafrétti er um 2880 km².

Sett er fram stefna um landnotkun í Ásahreppi, bæði í byggð og á afrétti. Stefnan er unnin og sett fram í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

1.1 Stefna aðalskipulags

Megin stefna sveitarstjórnar er að skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða. Þetta verði m.a. útfært með skynsamlegri landnýtingu þar sem stuðlað er að sjálfbærri nýtingu vistkerfa og bindingu kolefnis. Orkuframleiðsla sé vistvæn og stuðlað að grænum samgöngum og útivistarmöguleikum.

Lögd er áhersla á eftirfarandi megin markmið:

- Að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til sam-býlis íbúa og náttúru í góðri sátt hvort við annað.
- Jafnvægi sé milli verndunar umhverfis, náttúru og nýtingar, til heilla fyrir íbúa, atvinnurekendur og gesti.
- Skipulagið taki mið af þörfum íbúa á öllum aldri og skapi góð búsetuskilyrði fyrir alla.
- Skipulagið stuðli að hagkvæmum rekstri sveitarfélagsins og miði að jafnvægi og stöðugleika.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Forsendur og umhverfisskýrsla.
- Greinargerð með stefnu fyrir hvern landnotkunarflokk.
- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir byggðina er í mkv. 1:50.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir Holtamannafrétt er í mkv. 1:100.000.

Svæði sem eru sýnd sem hringtákn á skipulagsuppdraetti geta verið allt að 5 ha að stærð.

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlun sett fram á skýringaruppdráttum til að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Eru þeir í viðauka í forsenduhefti eða greinargerð.

Skýringaruppdráttir í viðauka við forsenduhefti eru eftirtaldir:

1. Flokkun landbúnaðarlands.
2. Virkjanir, miðlunarlón og háspennulínur.
3. Flokkun vega á Holtamannafrétti skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018.
4. Flokkun vega í byggð skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018.
5. Afréttur: Vistgerðir, jarðminjar og víðerni.
6. Byggð: Vistgerðir og jarðminjar.
7. Fornminjar skv. aðalskráningu fornminja.

Skýringaruppdráttir í viðauka við greinargerð eru eftirtaldir:

8. Landbúnaðarsvæði.
9. Verndarsvæði í byggð. Önnur náttúruvernd, varúðarsvæði, hverfisvernd.
10. Verndarsvæði á Holtamannafrétti. Friðlýst svæði og þjóðgarður, önnur náttúruvernd, varúðarsvæði, hverfisvernd.

1.3 Mörk

1.3.1 Landamerki

Landamerki eru sýnd skv. gögnum frá Þjóðskrá. Landamerki eru óstaðfest og í einhverjum tilfellum óviss, þau eru því einungis sýnd til skýringar.

1.3.2 Sveitarfélagsmörk og mörk miðhálandisins

Sveitarfélagamörk Ásahrepps eru sýnd á uppdráttum eins og þau voru í gildandi aðalskipulagi. Sveitarstjórn telur að þau mörk séu ekki í öllum tilfellum rétt. Mörkin eru í samræmi við aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga.

Holtamannafréttur er allur innan marka miðhálandisins eins og það eru skilgreint í landsskipulagsstefnu. Markalínan er ekki sýnd á uppdrátti.



2. STEFNA Í BYGGÐ

Samkvæmt landsskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir enn fremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skuli að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars¹.

2.1 Umhverfi og yfirbragð

Stefna um umhverfi og yfirbragð byggðar gildir fyrir alla landnotkun í byggð.

Stefna:

- Mannvirki skulu falla sem eðlilegast að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað.
- Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Við skipulag byggðar og framkvæmda skal hugað að því að merkar jarðmyndanir, gróðursvæði og mikilvæg búsvæði dýra verði fyrir sem minnstum áhrifum.
- Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislu-gildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.
- Tryggja betur eftirfylgni með stöðuleyfum og að allir lausafjármunir s.s. gámar og hjólhýsi hafi gild stöðuleyfi.
- Forðast skal óþarfa lýsingu, ljósi skal beint niður eða það skermað af og haft í huga að ljós valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.
- Íbúar verði hvattir til snyrtilegrar umgengni og reglulega verði staðið fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu.
- Íbúar eru hvattir til að kynna sér vistvænar leiðir s.s. við efnisval fyrir nýbyggingar eða viðhald eldri bygginga, m.a. vegna endingar, veðurþols og áhrifa á umhverfi og loftslag.
- Ofanvatni af þökum og hörðu yfirborði skal miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis.
- Hverskonar veiðar verði áfram stundaðar með ábyrgri nýtingu og góðri umgengni um landið.

¹ (Skipulagsstofnun 2016).

2.2 Byggð

2.2.1 Íbúðarbyggð (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Stefna

- Ekki er gert ráð fyrir svæðum fyrir íbúðarbyggð.

2.2.2 Frístundabyggð (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggð.

Stefna:

- Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Ný frístundasvæði verði ekki stærri en 15 ha innan hvernar jarðar og nýir áfangar verði ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.
- Lóðir skulu almennt vera á stærðarbilinu ½ - 1 ha og nýtingarhlutfall allt að 0,03.
- Frístundabyggð skal vera í samræmi við deiliskipulag. Hús geta verið á 1-2 hæðum.
- Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymslu allt að 25 m². Þessar byggingar teljast með í heildar byggingarmagni lóðar. Heimilt er að byggja þrjú hús á hverri lóð.
- Ný frístundabyggð er að jafnaði einungis heimil á landbúnaðarlandi L2 og L3.
- Frístundabyggð skal vera utan svæða sem er mikilvægt að vernda vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða útivistargildis.
- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir aðkomu að öllum húsum og flóttaleiðum. Huga þarf að aðkomu sjúkra- og slökkvibílfreiða og tryggja aðgengi að slökkvivatni.
- Heimagisting í flokki I og II er heimil í 90 daga skv. reglugerð nr. 1277/2016, um veitingastaði, gisti- staði og skemmtanahald, ef fyrir liggur undirritað samþykki nágranna og næg bílastæði eru innan lóðar. Gistingin fellur undir f lið í 4. gr. reglugerðarinnar.

TAFLA 1. Frístundabyggð.

NR	HEITI	SKILMÁLAR	HEIMILAÐUR FJÖLDI LÓÐA	FJÖLDI BYGGÐRA LÓÐA
F2	Ás III	Óbyggt svæði sunnan Ásvegar, ekkert deiliskipulag í gildi. Stærð svæðis er um 6 ha.	10	0
F3	Herríðarhóll	Deiliskipulag fyrir 2 lóðir. Stærð svæðis er um 1 ha.	2	0
F5	Selholt	Óbyggt svæði, deiliskipulagt fyrir 4 lóðir. Stærð svæðis er um 6 ha.	4	0
F6	Lónsholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. Stærð svæðis er um 13 ha.	21	8
F7	Skollhólar	Óbyggt svæði, ekkert deiliskipulag í gildi. Stærð svæðis er um 18 ha.	30	0

NR	HEITI	SKILMÁLAR	HEIMILAÐUR FJÖLDI LÓÐA	FJÖLDI BYGGÐRA LÓÐA
F8	Hárlausstaðir	Deiliskipulag fyrir 5 lóðir. Stærð svæðis er um 11 ha.	5	0
F9	Hellatún	Deiliskipulag fyrir 10 lóðir. Stærð svæðis er um 7 ha.	10	0
F10	Áskot	Óbyggt svæði, ekkert deiliskipulag í gildi. Stærð svæðis er um 12 ha.	9	0
		Samtals	91	8

2.3 Atvinna

Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun. Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Fjallað er um atvinnusvæði í byggð. Megin landnotkun í byggðinni er landbúnaðarsvæði.

2.3.1 Landbúnaðarsvæði (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað og matvæla- og fóðurframleiðslu.

Stefna

- Landbúnaðarland L1 verður áfram nýtt til landbúnaðar, einkum til matvælaframleiðslu. Landnýting skal vera í sátt við náttúruna og ekki misbjóða henni með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Byggingar, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á landbúnaðarlandi L1, eða á skilgreindum verndarsvæðum.
- Íbúar eru hvattir til að viðhalda núverandi votlendissvæðum og stuðla að stækkun þeirra og/eða endurheimt votlendis.
- Halda skal í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu, þ.e. ekki vera með samfellda byggð, götummynd eða litlar samliggjandi lóðir.
- Heimilt er að byggja upp á minni spildum í tengslum við núverandi bæjartorfur, vegi og veitur. Fjarlægð frá þjóðvegi sé almennt undir 1 km.
- Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði skulu reistar í tengslum við önnur hús á jörðinni, þó þannig að mengun, s.s. vegna lyktar, hafi sem minnst áhrif á íbúa.
- Lyktarmengandi starfsemi s.s. eldihús alifugla, loðdýra og svína skal staðsett í a.m.k. 250 m fjarlægð frá annarri byggð. Staðsetningu eldihúsa skal skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta m.a. út frá áætluðum fjölda dýra, ríkjandi vindátt og náttúrufarslegum aðstæðum.
- Þar sem er föst búseta er heimilt að stunda annan minniháttar atvinnurekstur, ótengdan landbúnaði, s.s. ferðaþjónustu, afurðasölu eða léttan iðnað. Stærð bygginga fyrir slíka starfsemi getur verið allt að 500 m². Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind fyrir aðra atvinnustarfsemi í aðalskipulagi.

- Heimilt er að vera með gistingu fyrir allt að 20 gesti, í flokki I og II, skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Gistingin getur fallið undir liði b, c, f og g í 4. gr. reglugerðarinnar.
- Á hverri jörð, sem er 20 ha eða stærri, er heimilt að byggja þrjú stök frístundahús. Frístundahús skulu ekki vera á landbúnaðarlandi L1 eða innan verndarsvæða. Hús geta verið allt að 150 m² og lóðir um 0,5-1,0 ha. Nýtingarhlutfall getur verið allt að 0,03.
- Þar sem er föst búseta er heimilt að reisa eina vindrafstöð á hverri jörð, ásamt lögnum og vegi og allt að 15 m² aðstöðuhúsi. Hæð hverfils getur verið allt að 20 m og uppsett orkuvinnsla allt að 0,5 MW. Hæð spaða í hæstu stöðu getur verið allt að 30 m. Lágmarksfjarlægð frá íbúðarhúsum og frístundahúsum á nágrannajörðum er 300 m. Taka skal tillit til hljóðvistar út frá ríkjandi vindátt, skuggaflökts, sýnileika, áhrifa á náttúru og landslag og skoða skal möguleg áhrif á dýralíf. Lágmarksfjarlægð frá landamerkjum nágrannajarða er 200 m.
- Heimilt er að vera með sólarsellur á eða við hús til að framleiða raforku til eigin nota. Stærð þeirra skal vera í samræmi við raforkuþörf mannvirkja á hverjum stað.
- Heimilt er að gera varnargarða til varnar landbroti, þar sem þess gerist þörf.
- Að jafnaði verður ekki heimiluð föst búseta fjær megin vegum en 1 km.
- Vegtenging sé að bæjarstæðum lögbýla.

L1-L3

Landbúnaðarsvæði í sveitarfélaginu hafa verið flokkuð, m.t.t. ræktunarhæfni og nýtingar til matvælaframleiðslu (sjá kafla um landbúnaðarsvæði í forsenduhefti). Út frá niðurstöðu flokkunarinnar er landbúnaðarsvæðum skipt í 3 flokka; L1, L2 og L3 og settir skilmálar fyrir hvern flokk. Um landbúnaðarsvæði gildir jafnframt almenn stefna sem sett er fram hér að framan.

TAFLA 2. Nýting landbúnaðarlands og skilmálar.

NR	HEITI/LÝSING	SKILMÁLAR
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	Landbúnaðarland í flokki I og að hluta til í flokki II; sléttlendi, nær grjótlaut og frjósamur jarðvegur. • Landið verði fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu. Byggingar, vegir, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar nýtingu lands til matvælaframleiðslu er að jafnaði ekki heimil. Þó er heimilt að byggja upp á 1-2 ha spildum í tengslum við núverandi bæjartorfur, vegi og veitur. • Byggingar geta verið heimilar í jaðri svæða og verður það skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu. • Mögulegt er að heimila afturkræfar framkvæmdir ef metið er að auðvelt sé að endurheimta land til matvælaframleiðslu. Verður það skoðað í hverju tilfelli fyrir sig. • Heimilt er að vera með skjólbelti.
L2	Gott landbúnaðarland	Landbúnaðarland í flokki II-III og að hluta til í flokki I. Stærsti hluti lands er heppilegur til ræktunar. • Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi, sem er jafnvel ótengd landbúnaði. Landspildur eru jafnan yfir 10 ha að stærð. • Forðast skal að raska samfellu í góðu landbúnaðarlandi með byggingum og vegagerð. • Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar, skjólbeltaræktunar eða endurheimtar votlendis.

NR	HEITI/LÝSING	SKILMÁLAR
L3	Landbúnaðarland með rúmum byggingarheimildum	• Heimilt er að byggja upp litlar landspildur til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi, sem er jafnvel ótengd landbúnaði. • Landspildur eru jafnan 1- 10 ha að stærð, nýtingarhlutfall allt að 0,05. Heildar byggingarmagn er að hámarki 1.500 m². • Óheimilt er að hafa mengandi starfsemi sem veldur öðrum óþægindum, s.s. vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða sjónmengunar, eða starfsemi sem dregur að sér óeðlilega mikla umferð. • Húsdýrahald og skógrækt er heimil.

Landskipti

Heimilt er að skipta út stökum lóðum og/eða skipta jörðum. Með umsókn um landskipti til sveitarstjórnar skulu fylgja upplýsingar um fjölda og stærð lóða/spildna, áform um uppbyggingu, aðkomu og tímaáætlun uppbyggingar. Við afgreiðslu umsókna um landskipti verður einkum litið til eftirtalinna þátta:

- Fyrirhuguð uppbygging miði að því að halda í dreifbýlisfirbragð í sveitarfélaginu.
- Nýjar spildur séu í tengslum við og nýti þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru. Ekki verða heimiluð landskipti nema aðgengi að spildum frá þjóðvegi sé tryggt.
- Ekki sé almennum göngu- og reiðleiðum lokað né aðgengi takmarkað að áhugaverðum stöðum eða svæðum.
- Tekið sé tillit til verndarsvæða og hvort ætla megir að um gott landbúnaðarland sé að ræða.

Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja sem best hagkvæma nýtingu veitukerfa og að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu.

2.3.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Stefna

- Skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól.
- Áfram verður unnið að endurheimt gróðurs og landgæða, m.a. í tengslum við landbótastarf bænda og annarra áhugaaðila.
- Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Sveitarfélagið mun setja sér stefnu um hvernig það geti orðið kolefnishlutlaust.
- Við skipulag uppgræðslu og skógræktar skal huga að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.
- Hafa skal í huga að skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegrátt.
- Skógrækt er heimil á landbúnaðarlandi L2 og L3.
- Landgræðsla er heimil þar sem hennar kann að vera þörf.
- Við skipulag skógræktar skal taka tillit til búsvæða fugla með hátt verndargildi.

- Skógrækt skal fylgja formum landslags eins og kostur er og taka skal tillit til sérkenna landslags á hverjum stað.

Engin landgræðslusvæði eru í byggð.

TAFLA 3. Skógræktarsvæði.

NR	HEITI	SKILMÁLAR
SL4	Sumarliðabær	Skógræktarsvæði þar sem unnið er að gróðursetningu undir merkjum Suðurlandsskóga/Skógræktarinnar. Heimilt er að nýta svæðið til útivistar og útbúa gönguleiðir, áningarstaði og bílastæði. Stærð svæðis er um 117 ha.

2.3.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og á verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Stefna

- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi.
- Búið verði í haginn fyrir íbúa- og ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum. Einnig skal hugað að öryggi.
- Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum.

Engin afþreyingar- og ferðamannasvæði eru í byggð.

2.3.4 Verslun og þjónusta (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Stefna

- Leitast verði við að styðja við ný atvinnutækifæri á sviði verslunar og þjónustu og efla þá þjónustu sem er til staðar.
- Leitast verði við að markaðssetja svæðið betur til að fjölga gistinóttum og lengja dvöl gesta.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða. Þar verði skilgreind frekari uppbygging þjónustu. Lögð er áhersla á góðan frágang lóða.
- Bílastæði skulu vera innan hvernar lóðar og nægilega mörg til að anna þeirri starfsemi sem fer fram á lóðinni.

TAFLA 4. Verslunar- og þjónustusvæði.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	FJÖLDI GISTI- PLÁSSA, NÚVERANDI HEIMILD	HEIMILAÐUR FJÖLDI GISTIPLÁSSA
VP1	Sumarliðabær	Ferðapjónusta með gistingu, veitingasölu og hestaferðir. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu á gístiaðstöðu, íbúðarhúsum fyrir starfsfólk og aðstöðu vegna hestatengdrar afþreyingar. Stærð svæðis er um 4 ha.	30	50
VP2	Hestheimar	Ferðapjónusta með gistingu, veitingasölu og hestaferðir. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á gístiaðstöðu. Stærð svæðis er um 3 ha.	60	90
VP3	Herríðarhóll	Ferðapjónusta með gistingu, veitingasölu og hestaferðir. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á gístiaðstöðu, m.a. í gestahúsum. Stærð svæðis er um 4 ha.	26	80
VP4	Kálfholt 2	Ferðapjónusta með gistingu, veitingasölu og hestaferðir. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á gístiaðstöðu. Stærð svæðis er um 2 ha.	20	30
VP5	Miðmundarholt	Ferðapjónusta. Heimilt er að vera með gistingu á 7 lóðum, fyrir 10 gesti á hverri lóð. Gisting er heimil í flokki II, c lið sem er minna gistiheimili sem hefur rými fyrir 10 gesti eða færri. Innan hvernar lóðar skal gera ráð fyrir nægilega mörgum bílastæðum til að anna starfseminni. Heimilt er að byggja 3 hús á hverri lóð, hámarks byggingarmagn er 800 m ² . Mannvirki geta verið á 1-2 hæðum og gæta skal samræmis í útliti, efnis- og litavali bygginga. Vanda skal frágang á lóðum og leitast við að hafa lýsingu lágstemmda. Heimilt er að hafa fasta búsetu á hverri lóð. Stærð svæðis er um 10 ha.	70	70
Gistipláss samtals			206	280

2.3.5 Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Stefna

- Mannvirkjum verði haldið vel við og hugað að nærumhverfi þeirra.

TAFLA 5. Svæði fyrir samfélagsþjónustu.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
S1	Kálfholtskirkja	Kirkja og kirkjugarður. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum. Stærð svæðis er um 1 ha.
S2	Ásgarður	Félagsheimili. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum. Stærð svæðis er um 0,5 ha.

2.3.6 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Stefna

- Mannvirkjum verði haldið vel við og hugað að nærumhverfi þeirra.

TAFLA 6. Kirkjugarður.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
K1	Ás	Grafreitir. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum. Stærð svæðis er um 0,5 ha.

2.3.7 Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Stefna

- Stuðla skal að skynsamlegri orkunýtingu.
- Umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.
- Verði af byggingu virkjana þá skulu þær taka tillit til umhverfisins og rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis.
- Áfram verður unnið að umbótum í sorpmálum, m.a. með meiri flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu. Leitað verði leiða til að draga enn frekar úr myndun sorps og urðun þess sorps sem til fellur. Stuðlað verði að jarðgerð/endurnýtingu lífræns úrgangs. Samvinna verði áfram við nágrannasveitarfélög.

Iðnaðarsvæði í byggð eru tengd alifuglabúi, verktakastarfsemi og tengivirki háspennulínu. Einnig er ráðgert að byggja upp gagnaver og aðra hreinlega iðnaðarstarfsemi í tengslum við tengivirki í landi Lækjartúns II.

Sveitarfélagið er hlynnt gerð Urriðafossvirkjunar þó ekki sé mörkuð stefna um hana í skipulaginu.

TAFLA 7. Iðnaðarsvæði.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
I1	Reykjagarður Ámundarstöðum	Alifuglabúi og eggjaframleiðsla. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum og standa fyrir frekari uppbyggingu, s.s. fjölgun eldishúsa skv. deiliskipulagi. Svæðið er tvískipt.	24
I2	Lóð við Kálfholtsgveg	Svæði þar sem rekin er verktakastarfsemi. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum. Svæðið er deiliskipulagt.	2
I3	Tengivirki og svæði fyrir orkufrekan iðnað í Lækjartúni II	Lóð fyrir tengivirki norðan Suðurlandsveggar. Tengivirkið tengist Lækjartúnslínu 2, sem er jarðstrengur milli Hellu og Þjórsár. Heimilt er að byggja 220 kV tengivirki, allt að 600 m ² að stærð. Lóð fyrir tengivirki er deiliskipulögð.	8

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
		Einnig er heimilt að byggja upp hreinlegan orkufrekan iðnað, s.s. gagnaver, á allt að 10 lóðum. Mænishæð bygginga getur verið allt að 10 m. Efnisval bygginga skal vera vandað og litaval taka mið af lit á húsi fyrir tengivirki. Samræmi skal vera á yfirbragði bygginga innan hverrar lóðar. Byggingar skulu felldar að landi eftir því sem hægt er. Nýta skal uppgröft til að útbúa manir á hverri lóð og draga þannig úr sýnileika mannvirkja, einkum frá Suðurlandsvegi. Einnig skal trjágróður nýttur í sama tilgangi. Ekki skal raska stærra landi en nauðsynlegt er. Fyrir starfsemi sem fylgir hljóðmengun er krafa um að hljóðvist fylgi þeim viðmiðum sem koma fram í reglugerð nr. 724/2008 um hljóðvist.	
		Samtals	34

2.3.8 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Stefna

- Áhersla er lögð á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.
- Vanda skal umgengi á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum. Námur sem nýttar eru yfir lengra tímabil skal lokað eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Landeiganda er heimilt innan síns lands að taka allt að 5.000 m³ af efni á 0,5 ha svæði til eigin nota, án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Efnistaka til eigin nota getur t.d. verið vegna byggingarframkvæmda eða gerð vegslóða til að auðvelda för um landið.

Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni.

Námur í byggð eru þær sömu og í gildandi aðalskipulagi.

TAFLA 8. Efnistökusvæði í byggð.

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M ³	STÆRÐ HA
E1	Vetleifsholt	Malarnáma.	5.000	1
E2	Sauðholt	Sandnáma.	10.000	2
E3	Sel – Selsandur	Sandnáma.	45.000	2
E4	Áshóll	Sandnáma.	45.000	2
E5	Krosshóll	Malarnáma.	45.000	2
E6	Kálfholt	Sandnáma.	45.000	2
		Samtals	195.000	11

2.3.9 Stakar framkvæmdir

Um er að ræða stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.

Stefna

- Þjónustuhús og kynningaraðstaða í byggð. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum stöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 30 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Vinna skal deiliskipulag af þessum svæðum. Heimilt er að vera með áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir.
- Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærð skal taka mið af umfangi mannvirkja.

2.4 Opin svæði eða svæði með takmörkunum

2.4.1 Opin svæði (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

TAFLA 9. Opin svæði í byggð.

NR	HEITI	LÝSING
OP1	Ásabrekka	Opinn skógur með stígum, bekkjum og borðum. Svæðið er í umsjá Skógræktarfélags Rangæinga. Stefnt er að áframhaldandi gróðursetningu og umhirðu svæðisins. Stærð um 4 ha.

2.4.2 Varúðarsvæði (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokkum samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í rammaáætlun, öðrum áfanga, er fjallað um virkjanakosti í Ásahreppi². Einn virkjanakostur í byggð er í biðflokkum skv. flokkun virkjanakosta í þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða³.

² (Sveinn Björnsson ritstjóri 2011).

³ (Alþingi 2013).

TAFLA 10. Virkjanakostur í byggð sem er í biðflokki skv. öðrum áfanga rammaáætlunar.

NR	HEITI	LÝSING
VA3	Urriðafossvirkjun	Með Urriðafossvirkjun er nýtt um 40 m fallhæð í neðanverðri Þjórsá. Gert er ráð fyrir að stífla Þjórsá ofan við gömlu Þjórsárbrúna og við það myndist um 9 km ² inntakslón sem verður að mestu í núverandi farvegi árinna. Stöðvarhús verður neðanjarðar í landi Þjórsártúns, en stíflumannvirki eru að mestu vestan Þjórsár í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Uppsett afl virkjunar er áætlað allt að 150 MW.

2.5 Samgöngur

Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, flugvællir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptist vegakerfi landsins í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins ⁴.

Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast almennir stígar vera reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga ⁵.

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, stofnvegi á hálendi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi. Eru þeir, allir nema héraðsvegir, taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá⁶. Héraðsvegir og helstu slóðar eru sýndir á aðalskipulagsuppdraetti til skýringar.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar og Samgönguáætlun 2020-2034⁷.

2.5.1 Samgöngur í byggð

Stefna

- Suðurlandsvegur verði breikkaður í 2+1 veg.
- Áfram verði stuðlað að góðum samgöngum um sveitarfélagið og viðhaldi vega.
- Almenningsamgöngur verði eflar.
- Landeigendum er heimil för um sitt land til að nýta það, bæði vegna búskapar og veiða.
- Skilgreindar verði fjölbreyttar göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir og þeim verði haldið vel við.
- Umferð vegna hvers konar útivistar valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, jarðmyndunum eða menningarminum.

⁴ (Alþingi Íslands 2007).

⁵ (Alþingi Íslands 2007).

⁶ (Vegagerðin 2019).


⁷ (Alþingi 2019).

Stofnvegir í byggð

Vegagerðin ráðgerir að í framtíðinni verði Suðurlandsvegur þriggja akreina vegur (2+1) og hefur sett fram grófar hugmyndir af fyrirkomulagi vegarins m.v. það. Við þessa breytingu verða til svokölluð skiptisvæði þar sem akstursstefnu er breytt (mynd 1). Tengingar hliðarvega við Suðurlandsveg verða einungis leyfðar á skiptisvæðum. Þetta þýðir að breyta þarf legu flestra hliðarvega í Ásahreppi til að þeir tengist Suðurlandsvegi á skiptisvæðum. Eftir er að útfæra breytta legu hliðarvega og nákvæma staðsetningu skiptisvæða, verður það gert í samvinnu sveitarstjórnar, landeigenda og Vegagerðarinnar.

TAFLA 11. Stofnvegir í byggð.

VEGNR	HEITI	STEFNA
1	Suðurlandsvegur	Liggur í gegnum sveitarfélagið, milli Þjórsár og Landvegamóta. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði breikkaður í 2+1 veg og tengingum við hann fækkað.



MYND 1. Áætluð skiptisvæði á þriggja akreina Suðurlandsvegi.

Tengivegir

TAFLA 12. Tengivegir í byggð.

VEGNR	HEITI	STEFNA
281	Sumarliðabæjarvegur	Liggur af Suðurlandsvegi hjá Sléttalandi að Sumarliðabæ og áfram að Landvegi (nr. 26).
284	Heiðarvegur	Liggur af Suðurlandsvegi vestan Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt á Hagabraut (nr. 286).
288	Kálfholtsvegur	Liggur af Suðurlandsvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Suðurlandsveg við Lónsheiði. Gert er ráð fyrir að unnið verði að bættu umferðaröryggi í Hamrahverfi.

2.5.2 Aðrir vegir

Aðrir helstu vegir í byggð eru Bugavegur, Ásvegur og Ásmundarstaðavegur.

2.5.3 Gönguleiðir

Stefna

- Hvatt er til þess að íbúar/landeigendur merki gönguleiðir um land sitt, sem geta nýst til útivistar fyrir íbúa og gesti. Gott er að hafa í huga að leiðirnar tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.

2.5.4 Reiðleiðir

Stefna

- Reiðleiðir skulu eftir því sem hægt er vera aðskildar frá megin vegum. Við gerð reiðleiða verði hugað að öryggi hestamanna og annarrar umferðar.
- Megin reiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Áningarhólf séu þar sem ekki er hætt á landspjöllum.

Í einhverjum tilfellum hafa reiðleiðir ekki verið útfærðar nákvæmlega, t.d. hvoru megin vegar er hentugra að þær séu, en eru engu að síður sýndar á uppdráttum. Reiðleiðir verða útfærðar nákvæmar í tengslum við gerð þeirra og eftir atvikum í samstarfi sveitarfélags, landeigenda og Vegagerðarinnar.

2.5.5 Reiðhjólaleiðir

Hjólreiðar verða sífellt vinsælli bæði sem ferðamáti og sem hluti af daglegri hreyfingu fólks. Stefnt er að uppbyggingu reiðhjólaleiða í sveitarfélaginu og að þær verði sem mest aðskildar frá akvegum. Til að byrja með er þó gert ráð fyrir að við uppbyggingu og endurbætur á vegum í byggð verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólaumferð.

Stefna

- Reiðhjólaleið verði í nágrenni Suðurlandsvegar gegnum sveitarfélagið, hún nýtist íbúum til að sækja vinnu og eins til útivistar.
- Reiðhjólaleiðir verði aðskildar frá megin vegum eftir því sem hægt er. Leiðir verði útfærðar í samvinnu við landeigendur, almenning og ferðaþjónustuaðila.

Á skipulagsuppdrætti er sýnd reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi. Leiðin hefur ekki verið útfærð eða staðsett nákvæmlega, t.d. hvoru megin vegar er hentugra að hún sé. Reiðhjólaleiðin verður útfærð nákvæmar í tengslum við gerð hennar og eftir atvikum í samstarfi sveitarfélags, landeigenda og Vegagerðarinnar.

2.6 Veitur

Vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

Almennt er gert ráð fyrir að veitur séu lagðar meðfram vegum og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir stofnlögnum. Gert er ráð fyrir að stofnlagnir séu sýndar á skipulagsuppdráttum sem og rafstrengir/háspennulínur 66 kV og stærri.

Stefna


- Í byggð er heimilt að reisa spennistöðvar og dæluhús fyrir vatns- og hitaveitu, ásamt lögnum og vegum. Stærð bygginga getur verið allt að 20 m².

2.6.1 Rafveita

Stefna

- Sem flestar raflínur verði settar í jörð. Þar sem raflínur eru ofanjarðar verði leitast við að draga úr umhverfisáhrifum þeirra.
- Heimilt er að viðhalda og/eða endurnýja núverandi háspennulínur.
- Við framkvæmdir eða skógrækt skal taka tillit til helgunarsvæða raflína, sem sýnt er á mynd 2.

Lagning strengja 33 kV eða minni skal tilkynnt til sveitarfélagsins og skal framkvæmdin unnin í samráði við landeigendur/umráðahafa lands.



MYND 2. Helgunarsvæði háspennulína skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001.

TAFLA 13. Stofnkerfi/flutningskerfi rafmagns í byggð.

HEITI	STEFNA
Lækjartúnslína 2	Jarðstrengur frá tengivirki vestan Hellu að tengivirki í landi Lækjartúns II og áfram með Suður-landsvegi vestur yfir Þjórsá. Stærð 132 kV. Að framkvæmdum loknum skal land fært í fyrra horf og sáð í sárið þar sem þess þarf.
Búrfellslína 2	Liggur frá Búrfellsvirkjun að Kolviðarhóli, stærð 220 kV.

2.6.2 Vatnsveita

Stefna

- Öll byggð hafi aðgang að nægjanlegu neysluvatni sem uppfyllir gæðakröfur.
- Heimilt er að nýta kalt vatn (borholur) til einkanota í byggð og á hálendi, þar sem ekki er um eftirlits-skylda starfsemi að ræða.

Nýir stórnotendur vatns geta ekki gengið að því vísu að fá að tengjast vatnsveitu sveitarfélagsins, eða að sveitarfélagið geti aflað nægjanlegs neysluvatns á annan hátt.

2.6.3 Hitaveita

Stefna

- Hitaveita verði á þeim bæjum í sveitarfélaginu þar sem það er talið hagkvæmt.
- Heimilt er að bora eftir heitu vatni (tilraunaholur) án þess að breyta aðalskipulagi. Slíkar framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskyldar.
- Heimilt er að virkja heitt vatn í byggð og á hálendi (borholur), allt að 2.500 kW.

2.6.4 Fráveita

Stefna

- Öll íbúðar- og frístundahús í byggð og skálar á hálendi, þar sem er einhvers konar starfsemi, skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti.
- Sameiginleg fráveita skal vera þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Tryggja skal aðgengi að hreinsivirkjum til tæmingar, tryggt verði að förgun/nýting úrgangs verði fullnægjandi og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.
- Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn skal vera ýtarlegri hreinsun frárennslis.
- Nýta skal sjálfbærar blágrænar ofanvatnslausnir þar sem því verður við komið.

2.6.5 Fjarskipti

Ljósleiðari er á öllum heimilum í sveitarfélaginu og þeim frístundahúsum sem þess hafa óskað.

Stefna

- Öll byggð, og eftir atvikum frístundabyggð, eigi kost á að tengjast ljósleiðara sveitarfélagsins.
- Gott fjarskiptasamband sé í öllu sveitarfélaginu.
- Sendum fyrir farsíma verði fjölgað eftir því sem þörf krefur.

- Heimilt er að reisa allt að 20 m há fjarskiptamöstur á landbúnaðarlandi, ásamt allt að 20 m² aðstöðuhúsi, lögnum og vegum. Í hverju tilfelli verður skoðað hvar fjarskiptamöstur verða heimil-uð, m.a. vegna sýnileika, fjarlægðar frá mannvirkjum og áhrifum á náttúru og landslag.

2.7 Verndarsvæði og minjar

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði vera; A) friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda. B) Svæði og náttúrumyndanir á B og C hluta náttúruminja-skrár. C) Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags⁸.

Stefna

- Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær.
- Mannvirkjagerð á verndarsvæðum leiði til eins lítillar röskunar og kostur er og álag á einstök svæði af völdum ferðamanna verði undir þolmörkum.
- Endurheimt votlendis er æskileg þar sem því verður við komið.

2.7.1 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Tvö svæði í Ásahreppi eru á náttúruminjasrá; Safamýri og Sauðholtsnes. Verndarsvæði eru sýnd á skýringaruppráttum í forsendum.

2.7.2 Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Stefna

- Taka skal tillit til þekktra minja við skipulag landnýtingar.
- Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja.
- Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, í samráði við Minjastofnun Íslands.
- Gamlar þjóðleiðir verði endurvaktar og nýttar sem göngu- eða reiðleiðir, eftir því sem hægt er.
- Helstu minjar/minjasvæði eru sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þau.

Sveitarfélagið stefnir að því að hlúð verði að kláfferju yfir Tungnaá, minjum við Hald og í Illugaveri. Minjarnar verði eftir atvikum endurgerðar, merktar og útbúnar upplýsingar um þær. Þetta verði unnið í samráði við Minjastofnun.

⁸ (Alþingi Íslands 2015).

TAFLA 14. Friðlýstar fornminjar skv. aðalskráningu fornminja⁹.

NR	HEITI	LÝSING/STEFNA	JÖRD
RA-358:013	Stekkatúnshellir I	Manngerður hellir í sandsteinshóli norðaustur af bæjarhúsum, áður nýttur til búskapar.	Ás
RA-358:014	Stekkatúnshellir II	Manngerður hellir í sandsteinshóli norðaustur af bæjarhúsum, áður nýttur til búskapar.	Ás
RA-358:015	Skollhólahellir	Manngerður hellir í Skollhólum norðan íbúðarhúsa, áður nýttur til búskapar.	Ás
RA-358:016	Litlihellir	Manngerður hellir grafinn í Hellishól sem er úr sandsteini, áður nýttur til búskapar. Hellirinn var ýmist kallaður Gimbrahellir eða Litlihellir til aðgreiningar frá Skollhólshelli.	Ás
RA-358:017	Áshellir, Heyhellirinn	Stærsti og ef til vill merkasti hellirinn. Hefur ef til vill verið mannabústaður á einhverjum tíma. Hlóðir og aska fundust í föllum afhelli.	Ás
RA-358:018	Hellir ónefndur	Hellir norðvestan í Biskupshól. Áður nýttur til búskapar, fyllt var upp í hellinn um miðja síðustu öld.	Ás
RA-358:019	Lambahellir	Hellir í Lambhúshól, áður nýttur til búskapar. Er nú hruninn að hluta til.	Ás
RA-363:002-004, 006, 008	Bolhellir, Gimbrahellir, Helgugjögur, Lambhellir	Hellar norðvestan við íbúðarhúsin, áður nýttir til búskapar.	Hellatún
RA-365:006	Hellir í landi Sels	Hellir í sandsteinshól sem gamli Selsbærinn stóð á, áður nýttur til búskapar.	Sel
RA-365:016	Jólgeirsstaðir	Rústir Jólgeirsstaða sem eru á Selsandi austan Sels. Talið að byggð hafi lagst af sökum sandfoks á 15. öld.	Sel
RA-368:008	Litlihellir	Manngerður hellir í bæjarhól Berustaða.	Berustaðir
RA-368:011	Berustaðahellir	Manngerður hellir í bæjarhól Berustaða, áður nýttur til búskapar.	Berustaðir

Í aðalskráningu fornminja er greint frá nokkrum athyglisverðum minjastöðum sem væri gott að gera aðgengilegri og kynna þá til að stuðla að vernd þeirra. Þessar minjar eru taldar upp í töflu 16.

TAFLA 15. Athyglisverðir minjastaðir skv. aðalskráningu fornminja¹⁰.

NR	HEITI	LÝSING/STEFNA
RA360:001	Framnes	Heimild um bæjarstæði og bústað.
RA363:001	Hellatún	Bæjarhóll og hellar.
RA364:001	Ásmundarstaðir	Bæjarstæði.
RA365:018	Sel	Tóftaþyrping sem kallast Sauðahúsgerði.
RA368:026	Berustaðir	Tóftasvæði sem kallast Þórarinsstaðir.
RA369:023	Efri-Hamrar	Tóft sem kallast Þrándarholt.
RA370:006, 015, 018, 021, 023, 025	Hárlausstaðir	Tóftir og tóftasvæði. Örnefnið Kumlholt.
RA371:001, 013	Húsar	Bæjarhóll, túngarður og brunnur.
RA372:001, 003	Syðri-Hamrar	Bæjarhóll og lambhús.
RA373:004	Hamrahóll	Leynhóll er talinn álagablettur.

⁹ (Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, o.fl. 2009a; 2009b).

¹⁰ (Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, Ágústa Edwald, Hóhann Gunnarson Robin, Lís Rut Björnsdóttir, Stefán Ólafsson 2009a; 2009b).

NR	HEITI	LÝSING/STEFNA
RA424:001-002	Vetleifsholt	Bæjarhóll landnámsbæjar Ráðorms.
RA379:001-003, 004, 010	Herriðarhóll	Bæjarhóll, mannabeinafundur. Tóft fjárhúsa og hlöðu. Beitarhúsatóftir.
RA408:002, 480:043	Efri-Sumarliðabær	Bæjartóftir og seltóftir.
RA374:001	Sauðholt	Bæjarhóll og túngarður.
RA425:001	Hellir	Bæjarhóll og túngarður.
RA431:001	Hrútur	Bæjarhóll og leifar útihúsa.
RA375:037	Þjórartún	Íþróttavöllur.
RA480:004, 379:014	Fornmannagarður	Torfhláðið garðlag sem kallast Fornmannagarður er á landamerkjum Herriðarhóls og Efri- og Neðri-Sumarliðabæja.
RA378:005	Heiði	Hesthústóft.
RA377:013, 022	Krókur	Tóft sem kallast Byrgi. Grjót og torfhláðin heimarétt.

Verndun annarra húsa og mannvirkja

Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þá eru öll hús og mannvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð og er óheimilt að raska þeim, breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar. Samkvæmt 31. gr. laganna er óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.

Í 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er fjallað um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki eru friðuð eða friðlýst. Undir þetta falla mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr. Upplýsingar um aldur mannvirkja eru fengnar hjá Þjóðskrá.

TAFLA 16. Mannvirki sem voru byggð 1925 eða fyrr.

HEITI	MANNVIRKI
Ás 3	Íbúðarhús byggt árið 1896. Friðað skv. 29. gr. laga um menningarminjar.
Lindarbær 1A	Geymsla byggð árið 1896. Friðuð skv. 29. gr. laga um menningarminjar.
Hellatún 2	Hlaða byggð árið 1922. Vernduð skv. 30. gr. laga um menningarminjar.
Ásmundarstaðir 1	Hlaða byggð árið 1925. Vernduð skv. 30. gr. laga um menningarminjar.

2.7.3 Hverfisvernd (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum¹¹.

Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Þar sem vötn eða tjarnir eru undir hverfisvernd nær verndin að lágmarki til 50 m beltis frá vatnsbakka.
- Framræsing votlendis á hverfisverndarsvæðum er óheimil.

¹¹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Forðast skal að raska vistgerðum, með mjög hátt verndargildi, sem ná yfir 2 ha eða stærra svæði.

TAFLA 17. Hverfisverndarsvæði í byggð.

NR	HEITI	LÝSING	JÖRÐ
HV1	Vetleifsholtsbugar og Hrútsvatn	Mýrlendi Vetleifsholtsbuga og Hrútsvatn og umhverfi þess. Samfelld mýrlendi ásamt tjörnum og starengjum, mikið fuglalíf. Forðast skal að raska svæðinu. Lagt er til að votlendi verði endurheimt.	Lindarbær, Pína, Hellatún, Ás, Framnes, Ásmúli
HV2	Kolavatn	Kolavatn ásamt mýrlendi austan vatnsins. Lítið stöðuvatn með fjölbreyttu fuglalífi. Votlendi hefur verið endurheimt að hluta til. Forðast skal að raska svæðinu.	Lækjartún og Syðri-Hamar
HV3	Hellistjörn	Hellistjörn og mýrlendi umhverfis hana. Forðast skal að raska svæðinu. Lagt er til að votlendi verði endurheimt.	Hellir

2.7.4 Vatnsvernd (VB)

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði¹².

Stefna

- Áhersla er á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Vatnsgæði verði tryggð til framtíðar.

Engin vatnsból eða vatnsverndarsvæði eru í byggð.

¹² (Umhverfissráðuneytið 1999).

2.7.5 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)

Svæði þar sem langtímamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum.

Í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtímamarkmiði fyrir vötn í svæðis- og aðalskipulagi. Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðarinnar í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Stefna

- Að grunnvatn og yfirborðsvatn verði í flokki A skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, m.s.br.
- Öll byggð í sveitarfélaginu hafi viðurkennda fráveitu.

Umhverfisstofnun hefur sett fram drög að Vatnaáætlun en þar eru vatnasvæði flokkuð eftir ástandi þeirra. Íslandi er skipt í fjögur vatnasvæði og er Ásahreppur innan vatnasvæðis 3. Nær það vatnasvæði í grófum dráttum yfir Suðurland. Búið er að meta ástand vatns innan vatnasvæðisins.

2.8 Náttúruvá (NV)

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Stefna

- Byggð verði utan skilgreindra hættusvæða.
 - Tryggja skal fjarskiptasamband sem víðast, fyrir almenning og viðbragðsaðila, svo hægt sé að vara við yfirvofandi hættu.
 - Veita skal upplýsingar til íbúa varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim.
 - Ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur, né heldur á eða í nágrenni við þekkt upptakasvæði stórra skjálfta.
 - Byggingar (íbúðarhús, útihús eða frístundahús) skulu ekki reistar undir hömrum eða hlíðum þar sem hætta kann að vera á grjóthruni eða skriðum í jarðskjálftum.
- Eftirfarandi gildir um byggingar á hættusvæðum vegna vatnsflóða.
- Huga þarf vel að undirlagi bygginga og að þeim verði lyft upp fyrir þekkta flóðhæð.
 - Ekki er heimilt að vera með kjallara á þekktum flóðasvæðum.

Hættusvæði hafa ekki verið kortlögð í sveitarfélaginu og eru því ekki sýnd á skipulagsuppdraetti.



3. STEFNA Á AFRÉTTI

Landsskipulagsstefna leggur áherslu á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróður- lenda og menningarminja. Uppbygging ferðamannaaðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks. Gætt verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Áhersla er á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Viðhald og upp- bygging samgangna á hálendinu stuðli að góðu aðgengi og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. Orkulindir verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.

3.1 Umhverfi og yfirbragð

Stefna um umhverfi og yfirbragð byggðar gildir fyrir alla landnotkun á afrétti.

Stefna:

- Stefnt er að endurbótum og frekari uppbyggingu á Sprengisandsleið.
- Unnið verður að uppbyggingu ferðapjónustu og útivistarmöguleika.
- Uppbygging, endurbætur og viðhald vega og bygging mannvirkja skal taka mið af umhverfinu og falla sem best að landi, samhliða því að þjóna sínu hlutverki sem best.
- Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi bygginga þar sem það á við. Við endurbyggingar/nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.
- Leitast verður við að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins. Sérstaklega verður hugað að þeim þáttum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Afrétturinn verður áfram nýttur til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu. Haldið verður áfram uppgræðslu á afmörkuðum svæðum.
- Hverskonar veiði verði áfram stunduð með ábyrgri nýtingu og góðri umgengni um landið.
- Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp.

3.2 Atvinna

Fjallað er um atvinnusvæði á afréttinum. Megin landnotkun þar er óbyggt svæði, en þar eru nokkur svæði í flokknum afþreyingar- og ferðamannasvæði sem tengjast atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu, einnig skógræktarsvæði, iðnaðarsvæði fyrir virkjanir og vindraftstöðvar auk efnistökusvæða.

3.2.1 Skógræktar og landgræðslusvæði (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Stefna

- Áfram verður unnið að endurheimt gróðurs og landgæða á afrétti, m.a. í tengslum við landbóta- starf bænda og annarra áhugaaðila.
- Við skipulag uppgræðslu og skógræktar skal huga að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.
- Hafa skal í huga að skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegsýn.
- Landgræðsla er heimil þar sem hennar kann að vera þörf.
- Mælt er til þess að notaðar verði innlendar trjátegundir í skógrækt á hálendinu. Hafa skal hliðsjón af reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.
- Við skógrækt skal taka tillit til og veita svigrúm fyrir útbreiðslu náttúruskóga.
- Skógrækt skal fylgja formum landslags eins og kostur er og taka skal tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Þetta verði t.d. gert með því að skipuleggja skógrækt á hverju svæði m.t.t. landslags.

TAFLA 18. Skógræktarsvæði á afrétti.

NR	HEITI	SKILMÁLAR
SL1	Hekluskógar - Sultartangi	Skógræktarverkefni Landgræðslunnar og Skógræktarinnar til endurheimtar skóga. Nær yfir Sultartanga. Heimilt er að græða upp land og planta skógi. Við skipulag skógræktar skal vernda nánasta umhverfi Ármótafoss og tryggja sýn og aðgengi að honum. Stærð svæðis er um 213 ha.
SL2	Búðarháls	Svæði milli Tungnaár og sauðfjárgirðingar neðarlega á Búðarhálsi. Svæðið er ætlað til skóg- ræktar vegna kolefnisbindingar og til skjólmyndunar. Stærð er um 72 ha.
SL3	Hekluskógar – Hrauneyjar	Skógræktarverkefni Landgræðslunnar og Skógræktarinnar til endurheimtar skóga. Nær yfir nágrenni Hrauneyjafossvirkjunar. Heimilt er að græða upp land og planta skógi. Stærsti hluti svæðisins er innan Hekluskóga. Við skipulag skógræktar skal vernda nánasta umhverfi Hrauneyjafoss og tryggja sýn og aðgengi að honum. Stærð er um 259 ha.

3.2.2 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Stefna

- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi. Forðast skal að raska stærra svæði en nauðsynlegt er.
- Búið verði í haginn fyrir íbúa- og ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum. Einnig skal hugað að öryggi.
- Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta þörfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi.
- Afmarkaðar verða lóðir fyrir skála á afréttinum og skal stærð þeirra taka mið af umfangi starfseminnar. Lóðum er eingöngu úthlutað til aðila sem stunda þjónustu eða eftirlit.
- Skálar á afrétti geta verið á 1-2 hæðum.
- Þrylkuð og annað yfirflug, s.s. flygilda (dróna), valdi sem minnstu ónæði fyrir aðra ferðamenn.
- Við skála á afréttinum er heimilt að vera með allt að 10 kV vindrafstöð, eða sólarcellur á eða við hús, til að sjá staðnum fyrir raforku.
- Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum. Við endurgerð bygginga á hálendinu og/eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun.

TAFLA 19. Afþreyingar- og ferðamannasvæði á afrétti.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	FJÖLDI GISTIPLÁSSA Í DAG	BREYTING Á FJÖLDA GISTIPLÁSSA
AF1	Hald	Fjallasel á afrétti. Leitarmannahús og fjárrétt. Staðurinn nýtist sem áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Heimilt er viðhald á núverandi mannvirkjum. Heimilt er að vera með 3 hús og heildar byggingarmagn allt að 350 m ² . Stærð svæðis er um 2 ha.	22	40
AF2	Þóristungur	Fjallasel á afrétti. Leitarmannahús, hesthús og fjárrétt. Skálinn er einkum nýttur fyrir veiðimenn og vegna hestaferða. Heimilt er viðhald á núverandi mannvirkjum. Heimilt er að vera með 3 hús og heildar byggingarmagn allt að 350 m ² . Stærð svæðis er um 2 ha.	14	40
AF3	Hrauneyjar	Jaðarmiðstöð. Heimilt er að vera með veitingar- gistingu og ýmis konar afþreyingu. Heimilt er viðhald á núverandi mannvirkjum eða að byggja ný í þeirra stað. Einnig er heimil frekari uppbygging fyrir starfsemina s.s. gisting, veitingaaðstaða, bar, starfsmannaaðstaða og geymsla. Heildar byggingarmagn getur verið allt að 6.000 m ² . Stærð svæðis er um 3 ha.	52	240
AF4	Lindarkot	Fjallasel á afrétti. Á staðnum er eitt hús og er heimilt að halda því við. Stærð svæðis er um 0,5 ha.	15	15

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	FJÖLDI GISTIPLÁSSA Í DAG	BREYTING Á FJÖLDA GISTIPLÁSSA
AF5	Hvanngil	Fjallasel á afrétti. Leitarmannahúsið Hvanngiljahöll og hesthús. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum, áningarhólf fyrir hesta. Heimilt er viðhald á núverandi mannvirkjum og/eða bygging nýrra í þeirra stað. Heimilt er að vera með 3 hús og heildar byggingarmagn allt að 300 m ² . Stærð svæðis er um 2 ha.	20	30
AF6	Svartagil	Fjallasel á afrétti. Engin mannvirki eru á staðnum. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Heimilt er að vera með 2 hús og heildar byggingarmagn allt að 300 m ² . Stærð svæðis er um 1 ha.	0	30
AF7	Versalir	Skálasvæði á afrétti. Tveir gistiskálar sem eru einkum nýttir fyrir veiðimenn og vegna hestaferða. Hesthús, áningarhólf og aðstaða fyrir hestamenn. Leitarmannahús. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. Heimilt er að vera með aðstöðu fyrir landverði, upplýsingar og fræðslu um svæðið, Friðland í Þjórðarverum og Vatnajökulspjóðgarð. Stærð svæðis er um 2 ha.	45	45
AF8	Illugaver	Fjallasel á afrétti. Einn skáli sem hefur verið endurbýggður. Leitarmannahús. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. Stærð svæðis er um 1 ha.	24	24
AF9	Þúfuver	Fjallasel á afrétti. Þúfuvatnaskáli. Tvö hús sem eru einkum nýtt í tengslum við veiði og vetrarferðir. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. Staðurinn er innan Friðlands Þjórðarvera. Stærð svæðis er um 1 ha.	20	20
AF10	Þúfuver	Fjallasel á afrétti. Leitarmannahúsið Gásagustur, hesthús og gistiaðstaða fyrir veiðimenn. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum, áningarhólf fyrir hesta. Heimilt er viðhald á núverandi mannvirkjum. Heimilt er að vera með 3 hús og heildar byggingarmagn allt að 300 m ² . Heimilt er að vera með aðstöðu fyrir landvörð, upplýsingar og fræðslu um friðlandið. Ný mannvirki skulu byggð á ógrónu landi. Staðurinn er innan Friðlands Þjórðarvera. Stærð svæðis er um 2 ha.	10	30
AF11	Háumýrar	Skálasvæði á afrétti. Á staðnum er eitt hús. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á gistingu og aðstöðu fyrir hestahópa, s.s. áningarhólfi. Staðurinn nýtist sem áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Heimilt er að vera með 3 hús og heildar byggingarmagn allt að 300 m ² . Staðurinn er í jaðri Friðlands Þjórðarvera. Stærð svæðis er um 2,0 ha.	0	30
AF12	Nýidalur	Skálasvæði á afrétti. Á staðnum eru tveir gistiskálar, salerni, geymsla, aðstaða fyrir starfsfólk, landverði og hálendisgæslu. Staðurinn er innan Vatnajökulspjóðgarðs. Staðurinn nýtist ferðamönnum sem leið eiga um Sprengisand, vegna hestaferða eða vegna gönguferða í Vonarskarð eða á Tungnafellsjökul. Á staðnum er tjaldsvæði og áningarhólf fyrir hesta. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Heildar byggingarmagn getur verið allt að 650 m ² . Stærð svæðis er um 2 ha.	54	54
AF13	Svarthöfði við Vonarskarð	Fjallasel á afrétti. Engin mannvirki á staðnum. Áningarstaður á göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum. Heimilt er að byggja 2 hús og getur heildar byggingarmagn verið allt að 150 m ² . Staðurinn er innan Vatnajökulspjóðgarðs. Í Stjórnunar- og verndaráætlun er gert ráð fyrir tjaldsvæði með lágmarks þjónustu. Stærð svæðis er um 1,0 ha.	0	20
AF14	Sylgjufell	Fjallasel á afrétti. Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum. Eiganda er skylt að veita aðgang að a.m.k. hluta skálans sem neyðarskýli. Stærð svæðis er um 0,5 ha.	8	8

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	FJÖLDI GISTIPLÁSSA Í DAG	BREYTING Á FJÖLDA GISTIPLÁSSA
AF15	Jökulheimar	Fjallasel. Skálar Jöklafrannsóknafélags Íslands. Nýttir vegna rannsóknafæða á Vatnajökul og fyrir ferðamenn. Staðurinn er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi eða uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	35	35
Gistipláss samtals			319	661

3.2.3 Iðnaðarsvæði (I)


Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Stefna

- Ný iðnaðarsvæði á afrétti verði staðsett þannig að þau hafi lítil eða engin áhrif á víðerni. Lítt röskuðum svæðum verði hlíft fyrir virkjanaframkvæmdum.
- Virkjanir taki tillit til umhverfisins og rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis og eftir atvikum grætt upp.
- Við staðsetningu vindlunda og/eða stakra vindraftstöðva skal hafa í huga sýnileika mannvirkja og fjarlægð frá íbúðarhúsum m.t.t. hljóðvistar. Taka skal tillit til verndarsvæða, víðerna og ríkjandi vindáttar.

Iðnaðarsvæði á afrétti eru tengd virkjunum og vatnsmiðlun. Sveitarfélagið er hlynnt gerð Skrokköldu-virkjunar og Hágönguvirkjunar þó ekki sé mörkuð stefna um þær í skipulaginu.

Við endurskoðun aðalskipulagsins voru skoðaðir möguleikar á staðsetningu vindlunda. Einn staður þykir helst koma til greina og er hann milli Hrauneyjalóns, Fjallabaksleiðar nyrðri og Sprengisandsleiðar (sjá mynd 3). Svæðið er ógróið, innan áhrifasvæðis núverandi mannvirkja og skerðir því ekki víðerni. Umhverfis svæðið eru að hluta til lágar öldur sem myndu draga úr áhrifum og sýnileika mannvirkja. Verði af byggingu vindlunda á afréttinum þarf að fjalla um hann í rammaáætlun og vinna umhverfismat. Eðlilegt er að í umhverfismati verði bornir saman fleiri valkostir



MYND 3. Möguleg staðsetning vindlunda er innan gráa flákans á miðri mynd.

fyrir staðsetningu, bæði á Holtamannaafretti og á öðrum svæðum í nágrenni hans. Ekki er að öðru leyti mörkuð stefna um vindlundinn í skipulaginu.

TAFLA 20. Iðnaðarsvæði á afretti.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
	Sultartangalón, miðlunarlón Sultartangavirkjunar	Sultartangalón og stífla. Sultartangalón er 20 km ² . Mannvirki og lón eru að hluta til í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Svæðið er deiliskipulagt. Ekki er afmarkað iðnaðarsvæði á uppdrætti en gerð grein fyrir mannvirkjum.	
14	Búðarhálsvirkjun og Sporðöldulón	Stöðvarhús, inntakshús, tengivirki, Sporðöldulón og stífla, botnrás, yfirfall og inntak í lóninu. Uppsett afl er allt að 95 MW, heimilt er að stækka virkjunina í 120 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum. Um er að ræða framkvæmd innanhúss. Stærð Sporðöldulóns er um 7 km ² og er vatni veitt um aðrennslisgöng undir Búðarháls að virkjuninni. Afrennsli fer í Sultartangalón. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Svæðið er tvískipt. Svæðið er deiliskipulagt.	5
15	Hrauneyjafoss- virkjun	Stöðvarhús, inntak, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Hrauneyjalón, stífla, yfirfall og botnrás, tengivirki. Virkjunin er 210 MW og er heimilt að stækka hana í 300 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum eða nýjum öflugri vélum. Heimilt er að stækka núverandi stöðvarhús og breikka frárennslisskurð á um 200 m kafla næst stöðvarhúsi. Hrauneyjalón er um 9 km ² . Frárennsli virkjunarinnar er veitt um skurð í Sporðöldulón. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum og stækkun virkjunarinnar. Svæðið er tvískipt. Virkjanasvæðið nær einnig til Rangárþings ytra.	7
16	Sigölduvirkjun	Stöðvarhús, tengivirki, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Krókslón, stífla og botnrás. Sigöldulón er um 13 km ² . Frá því er vatni veitt um aðrennslisskurð og göng að stöðvarhúsi. Frárennsli fer um skurð í Hrauneyjalón. Virkjunin er 150 MW og er heimilt að stækka hana í 215 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum eða nýjum öflugri vélum. Heimilt er að lengja núverandi stöðvarhús um allt að 70 m og breikka frárennslisskurð á um 200 m kafla næst stöðvarhúsi. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum og stækkun virkjunarinnar. Heimilt er að endurnýja tengivirki Sigölduvirkjunar og byggja yfir það. Svæðið er tvískipt. Virkjanasvæðið nær einnig til Rangárþings ytra.	5
17	Vatnsfellsvirkjun	Stöðvarhús, tengivirki, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Vatnsfellslón, stífla, yfirfall og botnrás. Vatnsfellslón er um 0.6 km ² . Virkjunin er á veituleið milli Þórisvatns og Sigöldu. Uppsett afl er allt að 90 MW og er heimilt að stækka hana í 145 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum eða nýjum öflugri vélum. Heimilt er að stækka núverandi stöðvarhús og breikka frárennslisskurð á um 200 m kafla næst stöðvarhúsi. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Heimilt er að byggja yfir tengivirkið. Svæðið er tvískipt.	5
18	Þórisvatnsmiðlun	Stífla og lokuvirki í frárennslisskurði sunnan Þórisvatns. Stífla við Þórisós. Þórisvatn er um 92 km ² í fullri stærð. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Austasti hluti Þórisvatns nær til Rangárþings ytra.	1
19	Sauðafellslón	Stífla í Köldukvísl við Sauðafell. Yfirfall og botnrás er í stíflunni. Vatni er veitt úr Sauðafellslóni um tvo samsíða skurði í Þórisvatn. Sauðafellslón er um 5 km ² . Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum.	1
110	Kvíslaveita	Kvíslaveita samanstendur af 5 lónum sem mynduð voru með stíflum í ám og lækjum á afrettinum. Skurðir veita vatni á milli lóna og í Köldukvísl austan Sauðafells og þaðan í Sauðafellslón. Botnrás er í Þúfuversstíflu og önnur í Þjórsárstíflu ásamt steyptum þröskuldi. Stærð miðlunarlóna er um 32 km ² . Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Nyrsti hluti Kvíslaveitu er jafnframt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Svæðið er tvískipt.	1

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
I11	Hágöngumiðlun	Hágöngumiðlun var mynduð með stíflu í farvegi Köldukvíslar, austan við Syðri-Hágöngu. Önnur minni stífla er vestan Syðri-Hágöngu. Stærð miðlunarhlóðs er um 34 km ² . Vatni er miðlað um farveg Köldukvíslar í Sauðafellslón og Þórisvatn. Yfirfall og botnrás er austan Syðri-Hágöngu. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum.	1
Heildarstærð í ha			26

3.2.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Stefna

- Áhersla er lögð á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndarsvæðum.
- Vanda skal umgengni á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum. Námur sem nýttar eru yfir lengra tímabil skal lokað eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar. Við frágang á námum skal aðlaga þær að umhverfinu.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Ef efnistökusvæði eru innan friðlands, á svæðum á náttúruminjasrá eða öðrum verndarsvæðum, er óheimilt að geyma þar olíur eða önnur mengandi efni.

Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni.

Á afréttinum er efnistökusvæðum fjölgað úr 11 í 48. Heildarstærð þeirra minnkar úr 115 ha í 50,7 ha. Efnismagn sem heimilt er að vinna minnkar úr 900.000 m³ í um 539.000 m³.

TAFLA 21. Efnistökusvæði á afrétti.

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M ³	STÆRÐ HA
E7	Búðarháls	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E8	Með Tungnaá	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E9	Með Tungnaá	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E10	Fremstatunga	Náma vegna vegagerðar.	10.000	2
E11	Fossalda	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E12	Búðarháls	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E13	Vegamót við Fjallabaksleið nyrðri	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E14	Vegamót við Veiðivatnaleið	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E15	Vestan Vatnsfellslóns	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M ³	STÆRÐ HA
E16	Austan Fellsendavatns	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E17	Grasatangi	Náma vegna vegagerðar.	25.000	1
E18	Pórisvatn	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E19	Álftarfitardrög	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E20	Álftarfitardrög	Náma vegna vegagerðar.	45.000	1
E21	Álftarfitardrög	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E22	Ósöldur	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E23	Köldukvíslarbrú	Náma vegna vegagerðar.	10.000	0,5
E24	Grjótaqvísl	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E25	Sunnan við Dóru	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E26	Stóra - Kjalalda	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E27	Vegamót Sprengisandsleið	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E28	Norðan Versala	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E29	Norðan Stóraverslóns	Náma vegna vegagerðar.	10.000	0,5
E30	Svartarlón	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E32	Sunnan Þúfuhöfða	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E33	Þúfuversstífla	Náma vegna vegagerðar.	10.000	0,5
E34	Frúarflói	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E35	Norðan Kvíslaveitu	Náma vegna vegagerðar.	5.000	0,5
E36	Við Þjórsarlón	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E37	Háumýrakvísl	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E38	Með Miklukvísl	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E39	Vegamót í Nýjadal	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E40	Með nýjum vegi í Nýjadal	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E41	Sunnan Þjóðgarðs við Nýjadal	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E42	Kistualda	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E43	Vestan Skrokköldu	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E44	Norðan Þveröldu	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1
E45	Afleggjari í Illugaver	Náma vegna vegagerðar.	15.000	1
E46	Sporðöldulón	Grjótnáma vegna viðhalds á stíflu og öðrum mannvirkjum.	20.000	1
E47	Kaldakvísl	Grjótnáma og lagersvæði vegna endurbóta á ölduvörn Þórisósstíflu. Lagersvæðið er um 0,3 ha. Sprengja þarf efni í námunni og verður það flokkað í ölduvörn og fláavörn og haugsett á lagersvæðinu og í námunni sjálfri. Efni sem ekki nýtist til ölduvarnar skal nýtt til landmótunar eftir að vinnslu lýkur í námunni. Á framkvæmdatíma er heimilt að geyma allt að 30.000 m ³ af efni í námunni og á lagersvæðinu.	30.000	2,0
E48	Þórisósstífla	Náma fyrir efni í kjarnafyllingu vegna endurbóta á Þórisósstíflu.	5.000	2,1
E49	Kaldakvísl	Náma fyrir efni til síu- og stoðfyllingar vegna endurbóta á Þórisósstíflu.	30.000	3,0
E50	Sauðafellslón	Náma fyrir efni í kjarnafyllingu vegna endurbóta á Þórisósstíflu.	4.000	0,6
E51	Vatnsfellsvirkjun	Náma við Vatnsfellsvirkjun. Var nýtt á framkvæmdatíma virkjunarinnar og er hugsuð til viðhalds á mannvirkjum, verði þess þörf.	10.000	2

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M ³	STÆRÐ HA
E52	Vestan Svartárstíflu	Náma sem notuð var á framkvæmdatíma Kvíslaveitu. Er ætluð til viðhalds á veitumannvirkjum.	10.000	1
E53	Vestan Kvíslavatns	Náma sem notuð var á framkvæmdatíma Kvíslaveitu. Er ætluð til viðhalds á veitumannvirkjum.	10.000	1
E55	Innri-Eyvindarverskvísl	Náma sem notuð var á framkvæmdatíma Kvíslaveitu. Er ætluð til viðhalds á veitumannvirkjum.	10.000	1
E56	Hjástífla Hágöngulóns	Náma sem notuð var á framkvæmdatíma Hágöngumiðlunar. Er ætluð til viðhalds á veitumannvirkjum.	10.000	2
E57	Vestan Syðri-Hágöngu	Náma sem notuð var á framkvæmdatíma Hágöngumiðlunar. Er ætluð til viðhalds á veitumannvirkjum.	10.000	2
Samtals			539.000	50,70

3.3 Óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum

3.3.1 Óbyggð svæði (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Landnotkunin óbyggð svæði er ríkjandi á afrétti.

Stefna

- Landeigendum verði áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttinum.
- Áfram verður hófleg beit á afréttinum og landnýting í samræmi við landgæði. Stuðlað hefur verið að verndun og endurheimt landgæða, m.a. í samráði við Landgræðsluna.
- Áfram verður stunduð veiði í ám og vötnum og fiskistofnum viðhaldið með seiðasleppingum ef þarf.
- Umferð verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða. Huga skal að þolmörkum náttúrunnar á hverjum stað en misjafnt er hversu mikinn ágang náttúran þolir án þess að láta á sjá.
- Heimilt er að setja upp allt að 20 m há fjarskiptamöstur, ásamt allt að 20 m² aðstöðuhúsi, lögnum og vegum. Skoðað verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð, m.a. út frá sýnileika, áhrifa á náttúru, landslag og dýralíf.
- Heimilt er að byggja allt að 100 kV örvirkjanir (vatnsafl eða vindrafstöð), m.a. til að sjá farsíma-sendum fyrir umhverfisvænni raforku. Einnig er heimilt að vera með sólarsellur af þeirri stærð sem anna framleiðslu á raforku fyrir sendinn. Lágmarka skal umhverfisáhrif örvirkjana eftir því sem kostur er.
- Þjónustuhús og kynningaraðstaða á hálendinu. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum stöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upp lýsingaskilti og byggja allt að 30 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða

fyrir eftirlitsaðila. Vinna skal deiliskipulag eða grenndarkynna slík áform. Í hverju tilfelli verður skoðað hvor leiðin verður farin. Undir þetta falla einnig neyðarskýli á hálendi.

- Heimilt er að vera með áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir.
- Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærð skal taka mið af umfangi mannvirkja.

TAFLA 22. Óbyggð svæði.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
ÓB1	Holtamannaafréttur	Landeigendum er heimill nytja- og beitarréttur á afréttinum. Áfram verði unnið að endurheimt landgæða. Heimilt er að stunda veiðar á ám og vötnum og viðhalda fiskistofnum með seiðasleppingum ef þarf. Heimilt er að setja upp fjarskiptamöstur og skal skoða staðsetningu út frá sýnileika, áhrifum á náttúru, landslag og dýralíf. Heimilt er að vera með örvirkjanir eða sólarsellur til að sjá farsímasendum fyrir raforku. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir og setja þar upp allt að 30 m ² þjónustuhús.	263.364,4

3.3.2 Varúðarsvæði (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í rammaáætlun, öðrum áfanga, er fjallað um virkjanakosti í Ásahreppi¹³. Tveir virkjanakostir á afréttinum eru í biðflokki skv. flokkun virkjanakosta í þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða¹⁴.

TAFLA 23. Virkjanakostir á afréttinum sem eru í biðflokki skv. öðrum áfanga rammaáætlunar.

NR	HEITI	LÝSING
VA1	Hágönguvirkjun	Hágöngur eru um 40 km norðaustur af Þórisvatni. Háhitasvæðið er að hluta til undir Hágöngulóni. Yfirborðsjarðhiti er fyrst og fremst á þremur stöðum og tveir þeirra lentu undir vatni er Hágöngulón var fyllt. Þriðji staðurinn er vestast í Sveðjuhrauni. Háspennulínu/rafstreng þarf að leggja frá virkjuninni, væntanlega að landskerfi við Vatnsfellsvirkjun, um 60 km vegalengd.
VA2	Skrokkölduvirkjun	Virkjuðu rennsli er veitt eftir um 9 km löngum jafnt hallandi göngum frá Hágöngulóni, sem er nú þegar fyrir hendi, að neðanjarðar stöðvarhúsi vestan í Skrokköldu. Göngin tengjast inntaki sem staðsett er í um 790 m h.y.s. milli Syðri- og Nyrðri-Hágöngu. Frá inntaki er stuttur aðrennslisskurður að Hágöngulóni. Frá stöðvarhúsi munu liggja um 2,5 km löng, um 4 m víð frárennslisgöng sem opnast í Svörtubotnum í um 620 m hæð y.s. röskum 2 km austan Kvíslavatns. Frá frárennslisgöngunum rynni vatnið yfir í Þúfuverskvísl og með þeim í Kvíslavatn. Háspennulínu þarf að leggja frá virkjuninni, væntanlega að landskerfi við Vatnsfellsvirkjun, um 60 km vegalengd. Svæðið er tvískipt, annars vegar þar sem líklegt er að stöðvarhús yrði byggt og hins vegar þar sem aðrennsli virkjunarinnar yrði frá Hágöngulóni.

¹³ (Sveinn Björnsson ritstjóri 2011).

¹⁴ (Alþingi 2013).

3.3.3 Ár og vötn (V)

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið lega þeirra vegna stífla, breytinga á árfarvegum og landfyllinga.

Helstu ár og vötn, í byggð og á afrétti, eru sýnd á skipulagsuppdráttum.

NR.	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
V1	Ár og vötn	Stærstu ár og vötn. Heimilt er að stunda veiði í ám og vötnum. Stærð 3.351,6 ha.
V2	Miðlunarlón	Öll núverandi miðlunarlón. Heimilt er að stunda veiði og viðhalda fiskistofnum með seiðasleppingum. Stærð 198.515,2 ha.

3.4 Samgöngur á afrétti

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá eru stofnvegir á hálendi vegir sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðapjónustu. Landsvegir eru aftur á móti vegir yfir fjöll og heiðar. Á landsvegum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og þjónustu en á öðrum þjóðvegum¹⁵.

Stefna

- Samgöngur á hálendinu verði bættar og helstu vegir opnaðir fyrr á vorin til að efla ferðapjónustu.
- Stofnvegir á hálendi verði færir 6-8 mánuði á ári. Þeim verði lyft 50-100 cm upp úr landinu og lagðir í landið eftir því sem kostur er. Hönnunarhraði veganna verði allt að 80 km/klst en heimilt er að taka niður hraðann þar sem þess þarf. Vegirnir verði með klæðningu þannig að þeir standist sem best álag og rof af völdum umferðar, vinds og vatns. Ár og lækir verði brúaðir.
- Merkingar vega á afréttinum verði bættar, m.a. til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.
- Vegir að ferðamannastöðum, skálum og minja- og sögustöðum á afréttinum verði lagfærðir.
- Flugbrautum á afréttinum verið haldið við í öryggisskyni.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar sem og Samgönguáætlun 2020-2034. Í samgönguáætlun eru Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri skilgreindar sem stofnvegir á hálendi¹⁶.

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015-2026 skal halda vegaframkvæmdum á hálendinu í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega m.t.t. landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða¹⁷.

Í „Vegvísi í ferðapjónustu“ kemur fram að bæta þurfi uppbyggingu og viðhald heilsársvega, æskilegt sé að skilgreina ferðamannaleiðir og að góðar og öruggar samgöngur séu forsenda þess að ferðamenn

¹⁵ (Alþingi Íslands 2007).

¹⁶ (Alþingi 2019).

¹⁷ (Skipulagsstofnun 2016).

dreifist sem víðast um landið¹⁸. „Ferðamannavegur er vegur sem er felldur og hannaður inn í landslagið. Sjónarmið ferðaþjónustu eru höfð að leiðarljósi og ferðamanni er gert kleift að fara um veg til að njóta landslags og útsýnis“¹⁹.

3.4.1 Stofnvegir á hálendi

Í landsskipulagsstefnu er reiknað með að stofnvegir á hálendinu séu byggðir upp sem góðir sumarvegir með brúuðum ám og færir fólksbílum. Miðað er við að þeir geti verið opnir a.m.k. 4-6 mánuði á ári. Við endurbyggingu stofnvega um miðhálendið verði þess gætt að laga þá að landi eftir því sem hægt er²⁰.

TAFLA 24. Stofnvegir á hálendi.

VEGNR	HEITI	STEFNA
26	Sprengisandsleið	Stofnvegur. Liggur milli Þjórásárdalsvegar og Kvíslaveituvegar við Versali. Vegurinn hefur verið byggður upp að hluta til og lagt á hann bundið slitlag að Vatnsfellsvirkjun. Ræsi og brýr eru á ám og lækjum. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði framtíðarleið um Sprengisand.
F26	Sprengisandsleið um Kvíslaveituveg	Framtíðarlega Sprengisandsleiðar verður um svokallaðan Kvíslaveituveg frá Versölum og norður að sveitarfélagamörkum. Endurbætur og breytingar á veginum eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Sveitarfélagið vill að þá verði skoðaðir fleiri valkostir fyrir veglínuna. Við nákvæma útfærslu vegarins skal huga sérstaklega að umferðaröryggi mt.t. lóna og stíflna. Heimilt er að hnika veginum til þar sem þess er talin þörf til að bæta umferðaröryggi. Verði af lagningu háspennustrengs yfir miðbik Sprengisands er mikilvægt að skoða hvort strengur og vegur geti legið saman og að vegurinn nýtist sem vegur meðfram strengnum.
F208	Fjallabaksleið nyrðri	Liggur frá Sprengisandsleið að sveitarfélagamörkum við Sigöldu og áfram til byggða í Skaftártungu. Búið er að byggja veginn upp frá Sprengisandsleið að sveitarfélagamörkum við Sigöldu og setja á hann bundið slitlag.

3.4.2 Landsvegir

TAFLA 25. Landsvegir á hálendi.

VEGNR	HEITI	STEFNA
F228	Veiðivatnaleið	Liggur af Sprengisandsleið (26) sunnan Vatnsfellsvirkjunar að Tjaldvatni í Veiðivötnum. Leiðin er að hluta til á Landmannaafreitti. Búið er að byggja upp þann hluta vegarins sem er næst Sprengisandsleið.
F229	Jökulheimaleið	Liggur frá Veiðivatnaleið (F228) í Jökulheima. Leiðin er að hluta til á Landmannaafreitti.
	Sprengisandsleið	Núverandi Sprengisandsleið sem liggur frá Kvíslaveituvegi við Versali að sveitarfélagamörkum við Nýjadal. Vegurinn er færður úr flokki stofnvega á hálendi í landsveg. Gert er ráð fyrir viðhaldi á veginum.
	Hágönguleið	Liggur af Kvíslaveituvegi að stíflumannvirkjum Hágöngumiðlunar við Syðri-Hágöngu. Þaðan liggur vegurinn umhverfis Hágöngulón að rannsókn- og virkjunarsvæði jarðhita í Sveðjuhrauni austan Hágöngulóns. Brú er á Köldukvísl við norðurjaðar Sveðjuhrauns. Vegurinn er jafnframt aðkoma að sunnanverðu Vonarskarði.

¹⁸ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar 2015).

¹⁹ (VSÓ Ráðgjöf, e.d.).

²⁰ (Skipulagsstofnun 2016).

3.4.3 Aðrir helstu vegir

Vegir eru oft ruddir slóðar, eftir atvikum malarbornir á afmörkuðum stöðum. Gert er ráð fyrir að slíkir vegir opnast þegar snjóá leysir og séu áfram torfarnar leiðir. Slíkir vegir verða eftir atvikum nýttir fyrir ferðamenn, til að þjónusta fjallaskála s.s. með farangur ferðamanna, aðdrætti og losun fráveitukerfa. Einnig er vegakerfið nauðsynlegt út frá öryggissjónarmiðum. Heimilar eru endurbætur og viðhald á vegunum, m.a. til að koma í veg fyrir úrrennsli og utanvegaakstur. Flestir slóðar á afréttinum eru tilvaldir fyrir fjallahjólreiðar.

TAFLA 26. Aðrir helstu vegir á afrétti.

HEITI	STEFNA
Búðarháls-Kjalvötn	Leið um Búðarháls að Hvanngiljahöll og Svartagili, tengist Kvíslaveituvegi sunnan við Versali.
Sporðölduleið	Leið vestan Sporðöldulóns með Köldukvísl á Klifshagavelli. Tengist leið um Búðarháls norðan við hálsinn.
Sóleyjarhöfðaleið	Liggur af Kvíslaveituvegi sunnan Þúfuvatna að Sóleyjarhöfða.
Eyvindarkofaleið	Liggur af Kvíslaveituvegi að Eyvindarkofa.

Auk þess er nokkur fjöldi slóða á hálendinu sem sýndir eru til skýringar á skipulagsupprætti en ekki taldir upp hér. Til dæmis eru þetta slóðar að skálum og veiðistöðum.

3.4.4 Vegir í náttúru Íslands

Vegir í náttúru Íslands eru flokkaðir samhliða aðalskipulagsgerðinni, í samræmi við reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018. Flokkun veganna er sýnd á skýringaruppráttum 3 og 4 með forsendu-hefti. Tengingar vega við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar.

3.4.5 Gönguleiðir

Stefna

- Byggðar verði upp megin gönguleiðir að áhugaverðum stöðum og milli áningarstaða á afréttinum.

Helstu gönguleiðir á afréttinum eru eftirtaldar:

- Þjórsártungur. Leiðin liggur frá Fjórðungskvísl á Háumýrar, að Hreysiskvísl með Þjórsá um Eyvindarver og Þúfuver að Sóleyjarhöfða. Áfram með Þjórsá um Hvanngil og Bása að Uppgöngugili. Frá Fjórðungskvísl að Sóleyjarhöfða fer leiðin eftir gamalli varðaðri leið.
- Leið frá Nýjadal um Mjóháls í Vonarskarð. Leiðin er stikuð.
- Leið um Nýjadal (Jökuldal) með Nýjadalsá.
- Leið með Köldukvísl frá Þóristungum að Fagrafossi.
- Bárðargata liggur frá Jökulheimum norður með Vatnajökli í Vonarskarð og Nýjadal.

Auk þess eru leiðir á nokkur fjöll, s.s. Vatnsfell, Þóristind, Skrokköldu, Nyrðri- og Syðri-Hágöngu og Skrauta. Einnig styttri leiðir að áhugaverðum stöðum s.s. Fagrafossi, Dynk, Búðarhálsfossi, Eyvindarkofa og Sigöldugljúfri.

3.4.6 Reiðleiðir

Stefna

- Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- og náttúruminum.
- Áningarhólf séu þar sem ekki er hætt á landspjöllum.
- Byggt verði upp reiðleiðakerfi milli áningar- og þjónustustaða á afréttinum.
- Óheimilt er að beita hrossum á afréttinum heldur skal hey flutt úr byggð, af öruggum svæðum m.t.t. sauðfjárveikivarna.

Helstu reiðleiðir á afréttinum eru eftirtaldar:

- Frá Haldi eftir Búðarhálsi framhjá Kjalvötnum og í Versali.
- Frá Þóristungum á Klifshagavelli og í Versali.
- Frá Versölum í Þúfuver norður á Háumýrar og að Fjórðungskvísl.

3.4.7 Flugbrautir

Flugvellir flokkast í fjóra flokka skv. 4 gr. reglugerðar um flugvelli nr. 464/2007; flugvöll I, flugvöll II, þyrluflugvöll og landingarstað. Flugvellir í flokki I þurfa rekstrarleyfi, aðrir flokkar flugvalla eru skráningarskildir²¹.

Stefna

- Flugbrautum verði haldið vel við í öryggisskyni.

TAFLA 27. Flugbrautir á afréttinum.

NR	HEITI	STEFNA
FV1	Sprengisandur	Völlurinn er við Hreysiskvísl og er neyðarskýli skammt frá. Malarvöllur með tveimur brautum; 950 x 50 m og 600 x 40 m. Hefur einkennisstafina BISP. Gert er ráð fyrir að vellingum og neyðarskýlinu verði haldið við.
FV2	Nýidalur	Völlurinn er um 1,5 km sunnan við sæluhús í Nýjadal. Malarvöllur, 890 x 45 m. Hefur einkennisstafina BIND. Gert er ráð fyrir að vellingum verði haldið við.

3.5 Veitur

3.5.1 Rafveita

Stefna

- Sem flestar raflínur verði settar í jörð. Þar sem raflínur eru ofanjarðar verði leitast við að draga úr umhverfisáhrifum þeirra.

²¹ (Samgönguráðuneytið 2007).

- Nýjar loftlínur á afrétti verði innan áhrifasvæðis núverandi mannvirkja.
- Skoðuð verði nánar möguleg lega raflínu og/eða jarðstrengs yfir Sprengisand og tengimöguleikar við núverandi og fyrirhugaðar virkjanir á Þjórsár/Tungnaárvæðinu.
- Heimilt er að viðhalda og/eða endurnýja núverandi háspennulínur.
- Við framkvæmdir eða skógrækt skal taka tillit til helgunarsvæðis raflína.

TAFLA 28. Stofnkerfi/flutningskerfi rafmagns á afrétti.

HEITI	STEFNA
Búðarhálslína 1	Liggur frá Búðarhálsvirkjun og tengist Hrauneyjafosslínu 1 við Langöldu, stærð 220 kV.
Hrauneyjafosslína 1	Liggur frá Hrauneyjafossvirkjun að Sultartangavirkjun, stærð 220 kV.
Sigöldulína 2	Liggur frá Sigölduvirkjun að Hrauneyjafossvirkjun, stærð 220 kV.
Sigöldulína 3	Liggur frá Sigölduvirkjun að Búrfellsvirkjun, stærð 220 kV.
Sigöldulína 4	Liggur frá Sigölduvirkjun að Prestbakka á Síðu, stærð 132 kV.
Vatnsfellslína 1	Liggur frá Vatnsfellsvirkjun að Sigölduvirkjun, stærð 220 kV.
Sprengisandslína	Fyrirhuguð 220 kV háspennulína milli virkjana á Þjórsár-Tungnaárvæðinu og Bárðardals. Skoða þarf nánar mögulega legu línunnar og meta umhverfisáhrif hennar. Reiknað er með að u.þ.b. frá Skrokköldu og norður fyrir Fjórðungsöldu verði línan sett í jörð.

3.5.2 Vatnsveita

Stefna

- Heimilt er að nýta kalt vatn (borholur) til einkanota í byggð og á hálendi, þar sem ekki er um eftirlits-skylda starfsemi að ræða.

3.5.3 Fráveita

Stefna

- Öll mannvirki á hálendi skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti.
- Sameiginleg fráveita skal vera þar sem landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Tryggja skal aðgengi að hreinsivirki til tæmingar, tryggt verði að förgun/nýting úrgangs verði fullnægjandi og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.
- Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn skal vera ýtarlegri hreinsun frárennslis.
- Nýta skal sjálfbærar blágrænar ofanvatnslausnir þar sem því verður við komið.

3.5.4 Fjarskipti

Stefna

- Gott fjarskiptasamband sé á sem stærstum hluta afréttarins.
- Sendum fyrir farsíma verði fjölgað eftir því sem þörf krefur.
- Heimilt er að reisa allt að 20 m há fjarskiptamöstur á óbyggðum svæðum, ásamt allt að 20 m² aðstöðuhúsi, lögnum og vegum. Í hverju tilfelli verður skoðað hvar fjarskiptamöstur verða heimil-uð, m.a. vegna sýnileika, fjarlægð frá mannvirkjum og áhrifum á náttúru og landslag.

3.6 Verndarsvæði og minjar

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði vera; A) friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda. B) Svæði og náttúrumyndanir á B og C hluta náttúruminjaskrár. C) Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags²².

Stefna

- Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.
- Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær.
- Mannvirkjagerð á verndarsvæðum leiði til eins lítillar röskunar og kostur er og álag á einstök svæði af völdum ferðamanna verði undir þolmörkum náttúrunnar á hverjum stað.
- Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland í Þjórsárverum verði lega vegslóða og reiðleiða innan friðlandsins yfirfarin og útfærð nánar. Sömuleiðis verði gert ráð fyrir gönguleið með vörðuðu leiðinni um Sprengisand, og eftir atvikum fleiri gönguleiðum.

3.6.1 Friðlýst svæði (FS)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Þrjú friðlýst svæði eru á afréttinum; Friðland Þjórsárvera, Vatnajökulsþjóðgarður og vatnasvið Tungnaár sem er friðlýst fyrir orkuvinnslu.

TAFLA 29. Friðlýst svæði.

HEITI	STEFNA OG SKILMÁLAR
Vatnajökulsþjóðgarður FS1	Þjóðgarðurinn var stofnaður 2008. Innan þjóðgarðsins er að finna síkvikt samspil jökla og eldvirkni, jökulhlaupa, eldgosa og jarðhita. Jarðfræðileg fjölbreytni er óvenjulega mikil og þar eru sjaldgæfar landslagsheildir, m.a. ósnortin víðerni. Hluti af vestursvæði þjóðgarðsins nær yfir Holtamannaafrétt. Þjóðgarðurinn er á heimsminjaskrá. Meginmarkmið Vatnajökulsþjóðgarðs eru: • Vernd náttúru, landslags, lífríkis, jarðmyndana og menningarminja. • Tryggja aðgengi almennings að svæðinu til að njóta náttúru þess og sögu. • Rannsóknir, fræðsla, miðlunar- og kynningarstarf um sérstöðu þjóðgarðsins og gæði hans. • Efling byggðar og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og sjálfbær nýting gæða hans. Verndarsvæði: Verndargildi Vonarskarðs er metið hátt vegna þess að þar er fjölbreytileg og upprunaleg jarðfræði auk fágætra og fjölbreytilegra jarðhitaummerkja. Þar myndar gróður fágæta og upprunalega heild. Vonarskarð er ætlað göngufólki án truflunar frá vélknúnum ökutækjum. Þjónustusvæði: ○ Nýidalur, gistiskáli, tjaldsvæði, aðsetur landvarðar. ○ Jökulheimar, skálar notaðir í þágu vísinda en með gistimöguleika fyrir almenning. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi eða uppbyggingu. ○ Svarthöfði, gert ráð fyrir tjaldsvæði með lágmarksþjónustu sunnan Svarthöfða.

²² (Alþingi Íslands 2015).

HEITI	STEFNA OG SKILMÁLAR
	Hefðbundin landnýting: Búfjárbæit og veiði í ám og vötnum er rétt höfum heimil á þeim svæðum sem tilgreind eru í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð. Svæði til sérstakra nota: Skáli við Sylgjufell. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Eiganda er skylt að veita aðgang að a.m.k. hluta af skálanum sem neyðarskýli²³.
Friðland í Þjórsárverum FS2	Þjórsárver voru friðlýst sem friðland árið 1981, friðlýsingin var endurskoðuð 1987 og 2017, þegar svæðið var stækkað. Um Friðland Þjórsárvera gildir auglýsing nr. 870/2017. Þjórsárver eru á lista Ramsarsamningsins sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði, einkum vegna auðugs fuglalífs. Stærð friðlandsins er 1.563 km². Markmið friðlýsingar: Tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild, vistkerfi veranna, rústamýrarvist, varpstöðva heiðargæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins. Landnotkun og mannvirkjagerð: Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum s.s. virkjanamannvirkjum, skálum, vegum og námum sem þegar eru í notkun. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum sem viðkomandi sveitarstjórnir setja að fenginni umsögn ráðgjafanefndar um friðlandið. Hefðbundnar nytjar í ám og vötnum eru heimilar. Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð. Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst²⁴.
Vatnasvið Tungnaár FS3	Vatnasvið Tungnaár var friðlýst árið 2021. Markmið friðlýsingar er að vernda vatnasvið Tungnaár gegn orkuvinnslu. Mannvirkjagerð og orkurannsóknir: Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar fallvatna með uppsett rafafi 10 MW eða meira²⁵.

3.6.2 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Á afréttinum eru virkjanakostir sem skilgreindir eru í verndarflokki í öðrum áfanga rammaáætlunar²⁶.

TAFLA 30. Virkjanakostir í verndarflokki í öðrum áfanga rammaáætlunar.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
ÖN3	Norðlingaölduveita	Þjórsá yrði stífluð á móts við ármót hennar og Svartár og vatninu dælt yfir í Kvíslaveitu. Felur í sér röskun vestan Þjórsár á lítt snortnu landi í jaðri Þjórsárvera, auk áhrifa á sérstæða fossa í Þjórsá. Kvíslaveitur hafa nú þegar virkjað þverár sem falla í Þjórsá að austan, en kvíslum vestan ár hefur verið hlíft. Virkjunarkostur sem liggur á jaðri svæðis með hátt verndargildi sem menn eru sammála um að eigi að njóta friðunar. Mannvirki rétt við friðland yrðu til lýta. Því þykir rétt að vernd á svæðinu verði látin hafa forgang. Friðland Þjórsárvera hefur verið stækkað yfir svæðið sem Norðlingaölduveita tekur til. Svæðið er ekki afmarkað sérstaklega á skipulagsupprætti.

²³ (Vatnajökulspjóðgarður 2013).

²⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2017).

²⁵ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021).

²⁶ (Sveinbjörn Björnsson 2011).

3.6.3 Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Stefna

- Taka skal tillit til þekktra minja við skipulag landnýtingar.
- Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, í samráði við Minjastofnun Íslands.
- Gamlar þjóðleiðir verði endurvaktar og nýttar sem göngu- eða reiðleiðir, eftir því sem hægt er.
- Helstu minjar/minjasvæði eru sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.

Sveitarfélagið stefnir að því að hlúð verði að kláfferju yfir Tungnaá, minjum við Hald og í Illugaveri. Minjarnar verði eftir atvikum endurgerðar, merktar og útbúnar upplýsingar um þær. Þetta verði unnið í samráði við Minjastofnun.

TAFLA 31. Friðlýstar fornminjar á afrétti skv. aðalskráningu fornminja²⁷.

NR	HEITI	LÝSING/STEFNA	SVÆÐI
RA-673:001	Eyvindarkofi	Heimild um tóft. Útilegumannabústaður austarlega í Eyvindarveri, vestan við Sprengisandsleið. Búið er að leggja göngustíg að tóftinni, byggja útsýnispall, afmarka bílastæði og setja upplýsingaskilti við það.	Afréttur

Í aðalskráningu fornminja er greint frá nokkrum athyglisverðum minjastöðum sem væri gott að gera aðgengilegri og kynna þá til að stuðla að vernd þeirra. Þessar minjar eru taldar upp í töflu 32.

TAFLA 32. Athyglisverðir minjastaðir á afrétti skv. aðalskráningu fornminja²⁸.

NR	HEITI	LÝSING/STEFNA
RA673:001, 002	Fremra- og Innra-Hreysi	Minjar um búsetu Fjalla-Eyvindar.
RA673:004, 005-007, 009, 025, 031	Hald	Ferjustaður, hestarétt, fjárrétt, bátanaust, kofatóft, Þorláksbrunnur. Hlúð verði að minjunum og eftir atvikum verði þær endurgerðar. Útbúnar upplýsingar um minjarnar.
RA673:010	Klifshagavellir	Rétt og leitarmannakofi.
RA673:011, 030	Svörtubotnar	Tjaldstæði og tvær réttir.
RA673:034, 012	Hreysikvísl	Tjaldstæði og rétt.
RA673:013	Illugaver	Þrjár kofatóftir. Hlúð verði að minjunum og eftir atvikum verði þær endurgerðar. Útbúnar upplýsingar um minjarnar.
RA673:014, 036	Byrgistorfur	Kofatóft og tvær litlar réttir.
RA673:019, 016, 037	Þúfuver	Tjaldstaður, kofatóft og réttarleifar.
RA674:002, 009	Holtamannafréttur	Rétt við Þórisós og á Miðtungu.

²⁷ (Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, o.fl. 2009a; 2009b).

²⁸ (Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, Ágústa Edwald, Hóhann Gunnarson Robin, Lís Rut Björnsdóttir, Stefán Ólafsson 2009a; 2009b).

3.6.4 Hverfisvernd (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruvinnur, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum²⁹.

Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Innan hverfisverndarsvæða á afréttinum eru hefðbundnar nytjar, s.s. beit og veiðar áfram heimilar.
- Forðast skal að raska vistgerðum, með mjög hátt verndargildi, sem ná yfir 2 ha eða stærra svæði.
- Hluti víðerna á afréttinum er settur undir hverfisvernd. Leitast skal við að vernda þau og viðhalda lítt snortnu yfirbragði þeirra.

TAFLA 33. Hverfisverndarsvæði á afrétti.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
HV4	Búðarháls - Þóristungur	Landsvæðið milli Þjórsár og Köldukvíslar auk Þóristungna. Nær norður undir Svartagil. Áhugavert gönguland, gljúfur og fossar í Þjórsá og Köldukvísl. Sögu og menningarminjar s.s. Kláfurinn á Tungnaá og minjar við Hald. Stórt lítt raskað víðerni og gróður sem hefur hátt eða mjög hátt verndargildi skv. vistgerðarkortlagningu. Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Ganga skal frá byggingum og umhverfi svo fljótt sem verða má. Forðast skal allt rask á gróðri. Tryggja skal góðan frágang fráveitu. Heimilar eru endurbætur á mannvirkjum og viðhald á vegum og slóðum. Heimilar eru landgræðsluaðgerðir í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt og skógrækt með Tungnaá til bindingar kolefnis. Stærð svæðis er um 253 km ² .
HV5	Hágönguhraun og Köldukvíslargljúfur	Innan svæðis er Hágönguhraun sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Gljúfur Köldukvíslar ásamt fossum í Köldukvísl. Eyrarrósargil sunnan Skrokköldu vegna sérstaks gróðurfars. Forðast skal allt rask innan svæðisins. Stærð svæðis er 45 km ² .
HV6	Sauðafell, Kjalver og svæði austan Kvíslaveitu	Gróðurlendi þar sem er raki í jarðvegi. Gróðurtegundir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi skv. vistgerðarkortlagningu. Forðast skal allt rask á gróðri. Heimilar eru endurbætur á mannvirkjum og viðhald á vegum og slóðum. Stærð svæðis er 191 km ² .
HV7	Vörðuð leið um Sprengisand	Varðaða leiðin um Sprengisand liggur frá Fjórðungskvísl að Þjórsá við Sóleyjarhöfða. Var upphaflega vörðuð um 1905. Vörður hafa verið endurhlaðnar í samráði við Minjastofnun Íslands. Afmarkað er 60 m breitt belti með leiðinni. Óheimilt er að raska vörðunum og næsta nágrenni þeirra. Við nákvæma útfærslu á vegi yfir Sprengisand skal taka tillit til vörðuðu leiðarinnar. Stærð svæðis er um 2 km ² .

²⁹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013).

3.6.5 Vatnsvernd (VB, VG, VF)

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði³⁰.

Stefna

- Áhersla er á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Vatnsgæði verði tryggt til framtíðar.

Vatnsból eru við skála og virkjanir á afréttinum. Grannsvæði og fjarsvæði vatnsbóla eru sýnd á skipu-lagsupprætti. Afmörkun þeirra er ónákvæm.

TAFLA 34. Vatnsból á afrétti.

NR	HEITI	LÝSING
VB1	Versalir	Borað hefur verið eftir vatni og er vatnsbólið yfirbyggt.
VB2	Illugaver	Vatnsból fyrir skálann.
VB3	Nýidalur	Vatnsból fyrir skálann.
VB4	Háumýrar	Vatnsból fyrir skálann.
VB5	Hald	Vatnsból fyrir skálann.
VB6	Hrauneyjafossvirkjun og Þóristungur	Vatnsból fyrir Hrauneyjafossvirkjun og leitarmannahúsið á Þóristungum.
VB7	Búðarhálsvirkjun	Vatnsból fyrir Búðarhálsvirkjun.
VB8	Sigölduvirkjun	Vatnsból fyrir Sigölduvirkjun.
VB9	Vatnsfellsvirkjun	Vatnsból fyrir Vatnsfellsvirkjun.

TAFLA 35. Grannsvæði vatnsbóla.

NR	HEITI	LÝSING
VG1	Versalir	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VG2	Illugaver	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VG3	Nýidalur	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VG4	Háumýrar	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VG5	Hald	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VG6	Hrauneyjafossvirkjun og Þóristungur	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VG7	Búðarhálsvirkjun	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VG8	Sigölduvirkjun	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VG9	Vatnsfellsvirkjun	Grannsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.

³⁰ (Umhverfisstofnun 1999).

TAFLA 36. Fjarsvæði vatnsbóla.

NR	HEITI	LÝSING
VF1	Versalir	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VF2	Illugaver	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VF3	Nýidalur	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VF4	Háumýrar	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VF5	Hald	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VF6	Hrauneyjafossvirkjun og Þóristungur	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VF7	Búðarhálsvirkjun	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VF8	Sigölduvirkjun	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.
VF9	Vatnsfellsvirkjun	Fjarsvæði vatnsbóls, afmarkað m.v. hæðarlínur.



4. NIÐURSTAÐA UMhverfismatsskýrslu

4.1 Landbúnaðarsvæði

Sveitarfélagið vill stuðla að uppbyggingu í sveitarfélaginu og fjölgun íbúa. Þar sem ekkert þéttbýli er til staðar þá er eini möguleikinn að byggja upp í byggðinni. Settir eru skilmálar fyrir slíkri uppbyggingu og er markmiðið með þeim að vernda besta landbúnaðarlandið til áframhaldandi matvælaframleiðslu, byggt sé upp í tengslum við núverandi bæjartorfur og að fjarlægð frá þjóðvegum sé innan skynsamlegra marka. Með þessu vonast sveitarfélagið til að íbúum fjölgi og atvinnulíf blómstri.

4.2 Iðnaðarsvæði í Lækjartúni

Sveitarfélagið er hlynnt því að byggð sé upp fjölbreytt atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og að hægt sé að nýta eitthvað af þeirri raforku sem framleidd er á afréttinum til atvinnuuppbyggingar í byggðinni. Svæðið sem um ræðir er í dag nýtt sem beitiland og í flokkun landbúnaðarlands er það að stærstum hluta í flokki II. Þar sem aðeins er um 8 ha lands að ræða þá er sveitarfélagið fylgjandi því að landnotkun sé breytt í iðnaðarsvæði, enda mikið og gott landbúnaðarland að finna víða í sveitarfélaginu. Í landi Lækjartúns eru aðstæður fyrir orkufrekan iðnað hagstæðar eftir tilkomu tengivirkisins og eins vegna þess að ljósleiðari liggur um svæðið.

4.3 Sprengisandsleið

Sveitarfélagið vill að gerður verði betri vegur yfir Sprengisand. Betri vegur bætir aðgengi að afréttinum, eflir möguleika á uppbyggingu ferðaþjónustu og lengir ferðamannatímann. Gerir stærri hópi ferðamanna kleift að fara um svæðið og bætir umferðaröryggi þeirra sem aka veginn. Eðlilegt er að nýta þá fjárfestingu sem lögð hefur verið í núverandi veg, þ.e. að búið er að byggja hann upp að hluta til og leggja klæðningu á hluta hans.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum vegarins skal hann fylgja landinu sem mest og leitast við að hafa vegfláa sem mest aflíðandi til að fá mýkri línur. Líklegt er að ferðamönnum komi til með að fjölga með betri vegi. Hafa þarf í huga að einhverjir staðir gætu orðið fyrir of miklum ágangi m.v. þolmörk þeirra og þarf þá að grípa til aðgerða. Annað hvort takmarkana á fjölda eða uppbyggingu á innviðum.

4.4 Sprengisandslína

Sveitarfélagið er hlynnt lagningu háspennulínu yfir Sprengisand og að sem stærsti hluti hennar verði settur í jörð. Helstu neikvæðu áhrif af háspennulínu/jarðstreng eru á landslag vegna sýnileika og skerðingar á víðernum, gróður og minjar. Verði af lagningu línunnar er mikilvægt að taka tillit til sýnileika, jarðmyndana, gróðurs og vistgerða, víðerna og náttúru- og menningarminja og að áhrif á þessa þætti verði lágmörkuð eftir því sem hægt er. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að jarðstrengur og framtíðar staðsetning Sprengisandsleiðar geti farið sem best saman.

4.5 Efnistökusvæði

Efnistökusvæði eru forsenda þess að hægt sé að byggja upp og viðhalda samgöngumannvirkjum og leggur sveitarstjórn áherslu á að hægt sé að endurbæta hálendisvegi. Með því að gera ráð fyrir mörgum efnistö kustöðum á hálendinu er hægt að nýta þau svæði sem eru næst framkvæmdasvæði hverju sinni og lágmarka þannig þá vegalengd sem aka þarf með efni. Einnig er hægt að velja að nýta þau efnistökusvæði sem hafa minnst áhrif á umhverfið. Þá má ætla að minna efni verði tekið af hverju svæði. Við frágang efnistökusvæða er gert ráð fyrir að þau falli sem best að landinu umhverfis og ættu þá ummerki um efnistöku að verða lítt sýnileg. Neikvæð umhverfisáhrif eru helst þau að ásýnd svæðis breytist og einhver hætta er á jarðvegsfoki, einkum á framkvæmdatíma. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að efnistaka á hálendinu verði að jafnaði úr litlum námum, sem næst vegsvæði og að gengið verði frá hverju efnistökusvæði fyrir sig strax að efnistöku lokinni.

4.6 Stækkun núverandi virkjana

Áform eru um að efla orkuvinnslu í núverandi virkjunum á Þjórsár-Tungnaáarsvæðinu, þ.e. Hrauneyja-fossvirkjun, Sigölduvirkjun og Vatnsfellsvirkjun. Framkvæmdir felast í stækkun aflvéla eða fjölgun þeirra. Mögulega þarf að stækka núverandi stöðvarhús og breikka frárennslisskurði næst stöðvarhúsum. Það rask sem kann að fylgja framkvæmdum er bundið við núverandi framkvæmda- og áhrifasvæði virkjana, sem þegar hefur verið raskað. Framkvæmdir falla undir lið 3.02 í viðauka I við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana (nr. 111/2021) og eru háðar mati á umhverfisáhrifum og einnig umfjöllun í rammaáætlun.

Áhrif af meiri orkuframleiðslu í núverandi virkjunum eru metin jákvæð því verið er að nýta betur þau mannvirki og þær veitur sem eru til staðar. Rask verður á framkvæmdatíma ef stækka þarf stöðvarhús og breikka frárennslisskurð en þar sem um er að ræða þegar raskað svæði þá eru áhrifin metin óveruleg.

4.7 Loftslagsmál og binding kolefnis

Áhrif stefnunnar á loftslagsmál og bindingu kolefnis eru á heildina litið jákvæð. Víða í stefnunni er að finna aðgerðir til að binda kolefni og eins til að draga úr losun þess til lengri tíma litið. Í töflu 37 eru

skoðuð viðmið, úr viðauka við landsskipulagsstefnu³¹, sem beita má í skipulagi til að vinna að loftslagsmálum. Greint er frá þeirri stefnu í aðalskipulaginu sem á við hvert viðmið og hver áhrifin eru.

TAFLA 37. Viðmið fyrir loftslagsmál og stefna í aðalskipulaginu.

VIÐMIÐ ÚR LANDSSKIPULAGSSTEFNU	ÁHRIF	STEFNA Í AÐALSKIPULAGINU
Minni losun		
Matvælaframleiðsla nærri mörkuðum	+	Stefna um að besta landbúnaðarlandið verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu.
Endurvinnsla og endurnýting	+	Sorp er flokkað í 3 tunnur á hverju heimili, rúlluplasti er safnað og á gámasvæðum eru gámar fyrir grófari úrgang.
Vistvænar áherslur í mannvirkjagerð	+	Hvatt er til þess að íbúar kynni sér vistvænar leiðir við efnisval fyrir nýbyggingar eða viðhald eldri bygginga.
Orkuskipti í samgöngum	+	Stefna um að efla almenningssamgöngur og reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi sem nýtist íbúum til að sækja vinnu.
Fjölbreyttur ferðamáti	+	Stefna er um að almenningssamgöngur verði eflar og að gerð verði reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi og að hún nýtist íbúum til að sækja vinnu.
Dregið úr ferðaþörf	+	Ljósleiðari er á öllum bæjum í sveitarfélaginu. Það veitir möguleika á fjarvinnu.
Aðlögun		
Sjálfbærar ofanvatnslausnir	+	Hvatt er til þess að ofanvatni af þökum og hörðu yfirborði sé miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis.
Viðeigandi varnarmannvirki	+	Í forsendum og stefnunni sjálfri er gert grein fyrir hvar þurfi að setja upp varnarmannvirki t.d. vegna flóðahættu í Ölfusá og vegna hækkunar á sjávarstöðu við ströndina.
Skilmálar um mannvirkjagerð á flóðasvæðum	+	Skilmálar eru settir um byggingar á mögulegum hættusvæðum.
Binding		
Sjálfbær gróðurframvinda	+	Stefna um að landnýting sé í sátt við náttúruna. Stefna um áframhaldandi uppgræðslu á afrétti, hóflega beit og landnýtingu í samræmi við landgæði.
Verndun og endurheimt votlendis	+	Helstu votlendissvæði eru undir hverfisvernd. Hvatt er til endurheimtar votlendis eða stækkunar á núverandi votlendi.
Skógrækt og landgræðsla	+	Stefna um skógrækt á landbúnaðarsvæðum og heimildir til skógræktar og landgræðslu.
Kolefni fangað með niðurdælingu eða endurvinnslu.	+	Stefna um flokkun og endurvinnslu sorps.

4.8 Afþreyingar og ferðamannasvæði

Sveitarfélagið er hlynnt frekari uppbyggingu ferðamannastaða á hálendinu og að þjónusta við ferðamenn sé bætt og gerð fjölbreyttari. Áhersla er á að vandað sé til allrar uppbyggingar og umgengni um landið. Með það að markmiði er sett stefna um að „Við endurgerð bygginga á hálendinu og/eða nýbyggingar verði metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun“.

³¹ (Skipulagsstofnun 2020).

Í tilfelli Hrauneyja er um það að ræða að mannvirki sem áður hýstu starfsfólk Hrauneyjafossvirkjunar hafa fengið nýtt hlutverk sem hótél. Sveitarfélagið telur það jákvæða þróun fremur en að mannvirki standi ónotuð (eins og var um tíma áður en hótelið tók til starfa) og grotni niður. Hrauneyjar eru vel staðsettar m.t.t. þess að stutt er að fara í Landmannalaugar, Veiðivötn og inn á Sprengisand. Ferðamenn geta því valið um fjölbreytt svæði og leiðir.

Vissulega er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu í Hrauneyjum (gisting fyrir 240 gesti) en rekstraraðili hefur sýnt sveitarfélaginu fram á þörfina fyrir þetta miklu byggingarmagni. Þó rekstrartími sé stuttur, eða frá miðjum júní fram í miðjan september þá er mikilvægt að bjóða upp á gistingu á hálendinu og fjöldi ferðamanna eykst ár frá ári. Ferðamenn gera orðið meiri kröfur um aðbúnað en áður var og margir hverjir vilja orðið herbergi með baði. Það er jafn mikilvægt að þjónusta þennan hóp ferðamanna eins og þá sem vilja einfaldari og ódýrari gistingu.

Almennt séð hefur akstur neikvæð áhrif, nema ef um er að ræða farartæki sem nýta umhverfisvæna orkugjafa. Ef ferðaþjónusta er í byggð og ferðamenn aka fram og til baka inn á hálendið þá hefur það neikvæð áhrif á loft. Einhverjir ferðamenn láta sér ekki nægja eina dagsferð á hálendið heldur fara tvo eða fleiri daga í röð með tilheyrandi akstri fram og til baka. Með því að byggja upp ferðaþjónustu á hálendinu er mögulega dregið úr slíkum akstri.

Skálasvæði eru til staðar í gildandi skiplagi. Stefnan er að stærstu leyti í samræmi við stefnu í gildandi skipulagi, þó hún sé útfærð nánar. Svæðin eru ekki talin skerða víðerni umfram það sem er í dag því gert er ráð fyrir lágstemmdri uppbyggingu og að mannvirki verði felld að landi og útlit þeirra samræmt.

Á heildina litið eru áhrifin metin jákvæð.



5. SKIPULAGSFERLI

5.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing fyrir Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 var kynnt frá 16. apríl til 14. maí 2020. Einnig var hún send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulagslýsingin og áherslur sveitarstjórnar voru kynntar á heimasíðu sveitarfélagsins og auglýstar. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Hafrannsóknastofnun, Landgræðslunni, Landsneti, Landsvirkjun, Minjastofnun Íslands, Skógræktinni, Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarði, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samgöngustofu, Heilbrigðis-eftirliti Suðurlands og Skipulagsstofnun.

Helstu athugasemdir eða ábendingar við skipulagslýsingu voru eftirfarandi:

- Skerpa mætti á veiðinýtingu í fersku vatni. Skipulagið þarf að samræmast lögum um lax- og silungsveiði.
- Unnið er að gerð vatnaáætlunar. Skipulagið hafi til hliðsjónar lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- Mikilvægt er að stefna um uppbyggingu á flutningskerfi raforku taki mið af kerfisáætlun hverju sinni og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og lagningu raflína.
- Landnýtingarflokkar innan Vatnajökulspjóðgarðs verði uppfærðir í samræmi við áætlaða starfsemi þjóðgarðsins. Stefnt er að uppbyggingu áningarstaðar milli Kolufells og Svarthöfða.
- Óskað er eftir að heimilt verði að byggja allt að 30 m² hús, s.s. þurrsalerni og dagsskjól fyrir landverði, án þess að vinna þurfi deiliskipulag.
- Óskað er eftir að tekið verði mið af atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs ásamt reglugerð sem er í vinnslu hjá ráðuneytinu.
- Vakin er athygli á að menningarminjar geta gegnt stóru hlutverki sem aðdráttarafli fyrir ferðamenn, ef vel er staðið að varðveislu og kynningu á þeim. T.d. eru nokkrir manngerðir hellar í Ásahreppi.
- Æskilegt er að fornleifaskráning í sveitarfélaginu verði uppfærð í samræmi við staðla Minjastofnunar.
- Skráning húsa og mannvirkja, skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi.
- Bent er á að í lögum um náttúruvernd er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja.
- Náttúrufræðistofnun hefur lagt fram tillögur að framkvæmdaáætlun B-hluta náttúruminjaskrár til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í Ásahreppi nær tillagan til stækkunar á Sauðholtsnesi vegna

verndunar á vistgerðum og ríkulegs fuglalífs, verndunar á rústamýrarvist innan Friðlands Þjósárvera og verndunar á jarðminjum innan Vatnajökulspjóðgarðs, milli Þórisvatns og Hágöngulóns.

- Bent er á að unnið er að gerð landgræðsluáætlunar.
- Skógræktin vinnur að gerð landsáætlunar og landshlutaáætlana í skógrækt. Brýnt er að samræma þessar áætlanir aðalskipulaginu.
- Skógrækt getur eflt ræktun á besta landbúnaðarlandinu, t.d. sem skjólgjafi. Til skamms tíma er hægt að nota gott landbúnaðarland undir skógrækt, t.d. fyrir fljótsprottnar tegundir eins og aspir.
- Tryggja þarf framboð á landi til skógræktar í atvinnuskyni og bindingu kolefnis. Skógrækt getur dregið úr áhrifum vonskuveðra og náttúruhamfara, sér í lagi öskufalls og jarðvegseyðingar. Hefur jákvæð áhrif sem skjólgjafi á útivistarsvæðum og þjónustusvæðum.
- Með meiri skógrækt þarf að huga að brunavörnum og viðbragðsáætlunum vegna gróðurelda.
- Mikilvægt að komi fram í aðalskipulaginu hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd vistkerfa og jarðmyndana sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Mikilvægt að komi fram stefna um landnotkun á svæðum þar sem eru vistgerðir með hátt verndargildi.
- Mikilvægt að komi fram stefna um landnotkun á svæðum þar sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.
- Flokka skal vegi í náttúru Íslands skv. reglugerð nr. 260/2016 um vegi í náttúru Íslands. Þessu skal lokið fyrir árslok 2020.
- Æskilegt er að hafa samráð við Umhverfisstofnun vegna Þjósárvera á vinnslustigi aðalskipulagsins.
- Bent á að í 3. áfanga rammaáætlunar eru virkjanakostir í Þjórsá sem lenda í verndarflokki.
- Stefna um óbyggð víðerni þarf að koma fram í tillögunni.
- Mikilvægt að fjalla nákvæmlega um stöðu fráveitumála í sveitarfélaginu.

Við vinnslu aðalskipulagstillögunnar var reynt að bregðast við ofangreindum ábendingum/athugasemdum, eftir því sem við á.

5.2 Samráð og kynning

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með vinnuhópi sveitarstjórnar. Einnig var fundað með ýmsum starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunaaðilum og haldnir íbúafundir.

- Í desember 2019 var boðað til fundar með sveitarstjórn. Einnig var boðið á fundinn fulltrúum nefnda á vegum sveitarfélagsins, Veiðifélags Holtamannaafréttar, upprekstraraðila á Holtamannaafrétti og Rangárþings ytra vegna sameiginlegra afréttarnota af afréttinum.
- Í apríl 2020 var fjarfundur með fulltrúum Þingeyjarsveitar um málefni sem snerta hálendið, einkum þau sem skarast yfir sveitarfélagamörk, Sprengisandsleið, háspennulínu og verndarsvæði.
- Í júní 2020 var fundað með fulltrúum Rangárþings ytra og farið yfir drög að stefnu fyrir afréttinn og rætt um sveitarfélagamörk í byggð.
- Í október 2020 var fundað með Landsvirkjun, Landsneti, Vegagerðinni, Rangárþingi ytra og Þingeyjarsveit.
- Í desember 2020 var fundað með fulltrúum upprekstraraðila (fjallkóngum) á Holtamannaafrétti og formanni Veiðifélags Holtamannaafréttar. Farið var yfir flokkun og skilgreiningu vega og slóða á afréttinum og í byggð.

- Í febrúar 2021 var fundað með fulltrúum Þingeyjarsveitar og Rangárþings ytra, um málefni sem snerta hálendið.
- Í maí 2021 var fundað með fulltrúum Ferðaklúbbsins 4x4 um akstur um Vonarskarð.
- Í ágúst 2021 var fundað með fulltrúum Vegagerðarinnar um samgöngur.
- Í september 2021 var fundað með fulltrúum Þingeyjarsveitar um Sprengisandsleið, Sprengisandslínu og Vonarskarð.
- Í september 2021 var fundað með Umhverfisstofnun um slóða, reiðleiðir og gönguleiðir innan Friðlands Þjósárvera.
- Í október 2021 var fundað með fulltrúum Vegagerðarinnar um Sprengisandsleið.

5.3 Kynning aðalskipulagstillögu

Aðalskipulagstillagan var kynnt í júní til ágúst 2021 og send til lögbundinna umsagnaraðila. Helstu umsagnaraðilar voru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Landgræðsla ríkisins
- Skógræktin
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa/Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Hafrannsóknarstofnun/Fiskistofa
- Ferðamálastofa
- Rangárþing ytra
- Skaftárhreppur
- Þingeyjarsveit
- Eyjafjarðarsveit
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Flóahreppur
- Landsnet
- Landsvirkjun
- Vatnajökulspjóðgarður
- Forsætisráðuneytið

5.4 Auglýsing aðalskipulagstillögu

Aðalskipulagstillagan var auglýst í mars og apríl 2022. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Fiskistofu, Forsætisráðuneytinu, Þingeyjarsveit, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landsneti og Landsvirkjun.

5.4.1 Breytingar sem gerðar eru að lokinni auglýsingu

Hér að neðan er greint frá helstu breytingum sem gerðar eru á aðalskipulagstillögunni til að koma til móts við umsagnir.

- Í greinargerð er bætt við kafla 3.4.4 um vegi í náttúru Íslands. Settur er fyrirvari um að tengingar vega við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar.
- Í kafla 3.2.1 um skógræktar og landgræðslusvæði er bætt við stefnu um að við skógrækt skuli taka tillit til og veita svigrúm fyrir útbreiðslu náttúruskóga.
- Í kafla 3.6.1 er bætt við texta fyrir Friðland Þjósárvera að um það gildi auglýsing nr. 870/2017.
- Efnistökusvæði E31 og E54 eru felld út úr greinargerð og af uppdrætti þar sem þau eru innan Friðlands Þjósárvera.
- Í kafla 4.4.9 í forsenduhefti er sett inn umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif af byggingu skála innan Friðlands Þjósárvera.
- Í kafla 4.4.3 í forsenduhefti er sett inn umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif af Sprengisandsleið á Friðland Þjósárvera.
- Í kafla 2.3.8 er bætt inn upplýsingum um að efnistaka til eigin nota geti t.d. verið vegna byggingarframkvæmda eða gerð vegslóða til að auðvelda för um landið.
- Í kafla 3.2.1 er sett stefna um að við skipulag skógræktar í Sultartanga og í Hrauneyjum skuli vernda nánasta umhverfi Ármótafoss og Hrauneyjafoss og að sýn og aðgengi að þeim verði áfram tryggt.
- Í kafla 2.3.2 og 3.2.1 er sett stefna um að skógrækt skuli fylgja formum landslags eins og kostur er og taka tillit til sérkenna landslags á hverjum stað.
- Í kafla 3.5.1 er bætt við texta um að við framkvæmdir eða skógrækt skuli taka tillit til helgunarsvæðis raflína.
- Hluta af Sigöldulínu 2 vantaði á uppdrátt og er bætt úr því.
- Heimilt er að stækka Sigöldustöð úr 150 MW í 215 MW, stækka þarf stöðvarhús og breikka frárennslisskurð næst stöðvarhúsi.
- Heimilt er að stækka Hrauneyjafossstöð úr 210 MW í 300 MW.
- Heimilt er að stækka Vatnsfellsstöð úr 90 MW í 145 MW.
- Tafla fyrir svæði á náttúruminjaskrá er færð í forsendur.
- Í kafla 3.3.1 er bætt inn töflu fyrir óbyggð svæði og gerð grein fyrir stærð þeirra.
- Bætt er inn kafla 3.3.3 um ár og vötn og gerð grein fyrir stærð þeirra og skilmálum.
- Stærð Búðarhálstöðvar er leiðrétt og verður 5 ha.



6. HEIMILDIR

Alþingi. 2013. „Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Nr. 13/141“. <http://www.althingi.is/altext/141/s/0892.html>.

———. 2019. „Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2020-2034“. 2020 2019. <https://www.althingi.is/altext/150/s/0599.html>.

Alþingi Íslands. 2007. „Vegalög nr. 80/2007“. 2007. <http://www.althingi.is/lagas/142/2007080.html>.

———. 2015. *Lög um náttúruvernd nr. 60/2013*. Iceland.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, og Samtök ferðaþjónustunnar. 2015. „Vegvísir í ferðaþjónustu“. Reykjavík.

Samgönguráðuneytið. 2007. „Reglugerð um flugvelli nr. 464/2007“. 2007. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/464-2007>.

Skipulagsstofnun. 2016. „Landsskipulagsstefna 2015-2026“.

———. 2020. „Tillaga að landsskipulagsstefnu. Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026“. Skipulagsstofnun. <https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2026.pdf>.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, Ágústa Edwald, Hóhann Gunnarson Robin, Lís Rut Björnsdóttir, Stefán Ólafsson. 2009a. „Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006-2008. I. bindi“. FS417-06051. Fornleifastofnun Íslands.

———. 2009b. „Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006-2008. II. bindi.“ FS417-06051. Fornleifastofnun Íslands.

Sveinn Björnsson ritstjóri. 2011. „Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði“. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar og Iðnaðarráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/rammaaetlun-1.pdf>.


Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2013. „Skipulagsreglugerð nr. 90/2013“. 2013. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>.

- . 2017. „Auglýsing um friðland í Þjórsárverum“. https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf.
- . 2021. „Auglýsing um verndarsvæði á Suðurlandi - vatnasvið Tungnaár í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar“. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. <https://ust.is/library/sida/Nattura/Augl%c3%bdsing%20Tungna%c3%a1.pdf>.
- Umhverfissráðuneytið. 1999. „Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999“. 1999. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>.
- Vatnajökulspjóðgarður. 2013. „Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun“. 2. útgáfa. https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og-verndar_2013.pdf.
- Vegagerðin. 2019. „Vegaskrá“. 2019. <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>.
- VSÓ Ráðgjöf. e.d. „Ferðamannaleið-ferðamannavegir: skilgreining“.



7. VIÐAUKI – SKÝRINGARUPPDRAETTIR

8. Landbúnaðarsvæði.
9. Verndarsvæði í byggð. Önnur náttúruvernd, varúðarsvæði, hverfisvernd.
10. Verndarsvæði á Holtamannaafretti. Friðlýst svæði og þjóðgarður, önnur náttúruvernd, varúðarsvæði, hverfisvernd.



Skýringar:

- Sveitarfélagamörk
- Landamerki frá Þjóðskrá

Landbúnaðarsvæði

- L1 - úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum
- L2 - gott landbúnaðarland
- L3 - landbúnaðarland með rúmum byggingarheimildum

Ár og vötn

- Ár og vötn

Samgöngur


- Stofnvegur
- Aðrir vegir og slóðar



Aðalskipulag Asahrepps 2020-2032
Skýringaruppráttur 8
Landbúnaðarsvæði


Verk: 7463-003
Blaðstærð: A3
Mælikvarði: 1:55.000


Unnið: IS
Rýnt:



—— Aðrir vegir og slóðar

Ár og vötn





Skýringar:

- Vernd**
- Friðlýst svæði
 - Önnur náttúruvernd
 - Varúðarsvæði
 - Hverfisvernd
 - Vatnsból og vatnsvernd
- Samgöngur**
- Stofnvegur á hálendi
 - Aðrir vegir og slóðar
- Mörk**
- Sveitarfélagamörk



Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032
Skýringaruppdráttur 10
Verndarsvæði á Holtamannaafretti

Verk: 7463-003 Unnið: IS
Blaðstærð: A3 Rýnt:
Mælikvarði: 1:270.000